Gefið út af Sambandi íslenskra framhaldsskólanema • Dreift frítt í alla framhaldsskóla landsins

FRAM HALDS SKÓLA BLAÐIÐ

OKTÓBER 2016
2. tölublað
Skólaárið 2016/17

„KYNSLÓÐIN SEM KÝS EKKI“

18

#ÉgKýs því við erum framtíðin

10

SVÖRT MÓTMÆLI

28

UNGT FÓLK Í PÓLITÍK

12-13

FÓLKIÐ Á BAK VIÐ BLAÐIÐ

Ása Valdimarsdóttir

Ástrún Helga Jónsdóttir

Egill Uggason Wiium

Eik Arnþórsdóttir

Katla Ársælsdóttir

Katrín Rut Magnúsdóttir

Kristinn Snær Guðmundsson

Kristinn Örn Sigurðsson

Sara Mansour

Sigríður Alma Axelsdóttir

Sólrún Freyja Sen

Sólveig Hrönn Hilmarsdóttir

Viktoría Sól Birgisdóttir

Þórdís Dröfn Andrésdóttir


Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Ljósmyndarar


Ívar Ölmu Hlynsson

Jenný Mikaelsdóttir

Sara Þöll Finnbogadóttir

samband íslenskra framhaldsskólanema

Framhaldsskólablaðið 1. tölublað - 5. árgangur
Útgefandi: Samband íslenskra framhaldsskólanema (neminn@neminn.is)
Útgáfustjóri: Guðmundur Rúnar Svansson (ábm.) (grs@neminn.is)
Prentun: Landsprent.

Leiðari: Eva Dröfn H. Guðmundsdóttir, ritstýra Framhaldsskólablaðsins

Ef þér er annt um framtíðina, kjóstu hana þá!

Lýðræðissamfélag. Samfélag þar sem allar helstu ákvarðanir sem varða þegnana eru í höndum þjóðkjörinna fulltrúa. Samfélag þar sem við kjósum og eigum þátt í ákvarðanatökum um málefni sem okkur varða. Þar sem þegnarnir hafa eitthvað um það að segja hvernig högum þjóðarinnar er háttað ... Þannig er að minnsta kosti hugmyndin.

Þrátt fyrir að á Íslandi sé svokallað lýðræðissamfélag getur okkur liðið eins og við höfum ekkert til málanna að leggja. Drægt kjörgengi ungmenna hefur undanfarið verið mikið í umræðunni. Hver getur verið ástæðan fyrir því að ungmenni kjósa ekki? Við sjáum ekki tilganginn, við finnum ekki fyrir áhrifunum sem við höfum með því að kjósa. Margir í framhaldsskóla hafa einfaldlega lítinn sem engan áhuga á stjórnmálum, á meðan aðrir eru ekki orðin 18 ára og því ekki með kosningarétt. En ef við kjósum ekki þá taka aðrir ákvarðanir fyrir okkur um málefni sem okkur varðar.

Núna stöndum við á miklum tímamótum. Vegna aðstæðna í íslenskum stjórnmálum er talin þörf á því að stytta kjörtímabilið og eru kosningar á næstu dögum. Mörg okkar hafa aldrei kosið til Alþingis áður en fá tækifæri til þess núna, 29. október. Núna er svo sannarlega tíminn til að nýta sér kosningaréttinn. Hvernig vilt þú hafa framtíðina?

Þegar talað er um kosningar koma flokkar, framboð, kjörklefar og álíka formlegheit upp í hugann. Hinsvegar kjósum við framtíðina okkar á hverjum degi. Meira að segja stundum oft á dag. Í nútíma samfélagi liggur atkvæðarétturinn nefnilega nær en margir gera sér grein fyrir. Atkvæði þitt er í veskinu þínu. Með hverri kortafærslu erum við líka að kjósa framtíðina okkar. Þegar stóru fyrirtækin taka ákvarðanir um mikilvæg málefni, eins og t.d. málefni sem varða umhverfið, þá tekur þú afstöðu, þú kýst, í hvert sinn sem þú ákveður að gefa því fyrirtæki atkvæði þitt. Atkvæði í formi kaupa á vörum þess eða þjónustu. Því er ekki öll von úti, þó þú hafir ekki kosningarétt til Alþingis. Svo kjósum meðvitað, krakkar! Hvort sem það er í matarhléinu, í fatabúð eða í kjörklefanum. Hvert atkvæði skiptir máli!

Svo ég umorði Robert De Niro: „Ef þér er annt um framtíðina, kjóstu hana þá!“

Að lokum vil ég minna á að öllum er velkomið að senda inn hvers kyns efni og enn er opið fyrir umsóknir í ritstjórn. Framhaldsskólablaðið er tilvalinn vettvangur fyrir ungt fólk að feta sig áfram í rit- og fjölmiðlastörfum. Ekki hika við að senda póst: evadrofn98@gmail.com

Gleðilegar kosningar, kæru lesendur!

Eva Dröfn ritstýra

Í þessu blaði...



SÍF eru hagsmunasamtök íslenskra framhaldsskólanema og heildarsamtök nemendafélaga í 29 framhaldsskólum af landinu öllu. Skrifstofa SÍF er í Hinu Húsinu í Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík. Heimasíða SÍF er www.neminn.is. Framhaldsskólablaðinu er dreift í alla framhaldsskóla landsins. Því er einnig dreift í alla háskóla landsins og í frídreifingu á almenningsstaði á höfuðborgarsvæðinu og í stærri byggðalögum með framhalds- og háskóla. Inni í framhaldsskólunum fer dreifing fram í samstarfi við nemendafélag hvers skóla. Á skólaárinu 2014-2015 verða gefin út fimm tölublöð. Þeim sem vilja birta efni eða taka að sér verkefni fyrir ritstjórn blaðsins geta sent tölvupóst á ritstjori@neminn.is. Þeir sem vilja auglýsa í blaðinu geta sent tölvupóst á grs@neminn.is

sem fylgir grænni tækni.

FRAMBJÓÐANDI ÓSKAST

Víðsýnn kjósandi óskar eftir réttum frambjóðanda

með langtímasamband í huga. Helstu áhugamál: Orku- og umhverfismál. Opinn fyrir ýmsum leiðum.

Upplýst ákvörðun í kjörklefanum skiptir máli.

Allt um stefnu Samtaka iðnaðarins á si.is.

KJÓSUM GOTT LÍF

SI Samtök iðnaðarins

Ísland í NATÓ

Katla Ársælsdóttir skrifar

Margir, ef ekki allir Íslendingar þekkja slagorðið „Ísland úr NATÓ, herinn burt". Þótt við þekkjum mörg þetta slagorð þá vita margir ekki um hvað þetta snýst, ég þar á meðal þar til fyrir stuttu.

Breski og bandaríski herinn voru með herstöðvar hér á landi uppúr seinni heimstyrjöldinni og voru með herstöðvar hér á landi. Bandarískí herinn var hins vegar hér á landi allt til ársins 2006.

Hvað er NATÓ og afhverju tengist það hernámi á tímum seinni heimstyrjaldarinnar?

Skammstöfunin NATÓ stendur fyrir North Atlantic Treaty Organization en á íslensku er talað um Atlantshafsbandalagið. Þessi heiti segja okkur kannski ekki mikið um starfsemi NATÓ annað en að það er einhverskonar bandalag á milli þjóða sem það auðvitað er í grófum dráttum. En NATÓ er hernaðarbandalag sem var stofnað árið 1949 í þeim tilgangi að sporna gegn því að stríð eins og fyrri og seinni heimstyrjöldin eigi sér stað aftur. Sem er gott og blessað og ágætis pæling þar að baki.

En nú eru rúmlega 70 ár frá því að seinni heimstyrjöldinni lauk og blessunarlega hafa ekki fleiri stríð af þessum toga brotist út, eða

það er að segja á Vesturlöndum. Hvað er þá NATÓ að gera og hvað er Ísland að gera sem aðildaríki?

Sko, samkvæmt 5.grein stofnsáttmálans þá virkar þetta þannig að ef árás er lýst yfir á eitt aðildarríkið er verið að lýsa árás á þau öll. Þetta meikar svo sem allt sens, sérstaklega þar sem bandalagið var stofnað stuttu eftir seinni heimsstyrjöldina og í byrjun kalda stríðsins.

Núna er ég kannski ekki búin að skrifa neitt sem þið lærðuð ekki í samfélagsfræðitímum í grunnskóla og ekki að segja ykkur neitt sem þið vitið ekki nú þegar. En málið er að á meðan árás á eitt aðildaríki er árás á þau öll þá samþykkja öll aðildarríkin þær árásir sem eitt þeirra gerir. Þannig að til þess að gera langa sögu stutta þá samþykkir Ísland árásir Bandaríkjanna í Afghanistan og allar aðgerðir Bandaríkjanna í þeim stríðum. Við sem þjóð berum jafn mikla ábyrgð á öllu því tjóni og mannsfalli sem Bandaríkjamenn hafa orsakað.

OG ÞAÐ ER ENGINN AÐ TALA UM ÞETTA! Pælið í því hvað það er brenglað að við erum að láta þetta gerast og gefa okkar samþykki, bara af því að við erum aðildarríki í bandalagi sem var stofnað þegar Bandaríkin voru að stressa sig yfir því að Sovíetríkin myndu ráðast á þau.

Hættum að styðja stríð.
ÍSLAND ÚR FOKKING NATÓ

UN Women - Ungmennaráð!

UN WOMEN ÍSLENSK LANDSNEFND
United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women

Kristjana Björk Barðdal skrifar

UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur í þágu kvenna og jafnréttis. Markmið UN Women er að auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna í þróunarlöndum og á stríðsátakasvæðum, stuðla að bættum lífskjörum þeirra og auknum réttindum.

Helstu áherslur UN Women eru að draga úr fátækt, auka mannréttindi kvenna og afnema ofbeldi gegn konum. Leiðtogaþjálfun og efling kvenna til þátttöku í atvinnulífinu eru einnig markmið sem og friður, öryggi og efnahagsleg valdefling kvenna. Til að gera það, veitir UN Women fjárhagslegan og tæknilegan stuðning til verkefna.

Dæmi um verkefni UN Women er stofnun svokallaðra griðarstaða í Zaatari flóttamannabúðunum í Jórdaníu. Þar er konum gert kleift að vinna fyrir sér og geta m.a starfað við skartgripagerð eða á saumastofu. Frá seinni heimsstyrjöld hafa aldrei verið fleiri konur á flótta. Margar þeirra eru barnshafandi og dreymir um að fæða börn sín í sanngjarnan heim. Neyðin er mikil. Nauðsynlegt er að taka mið af þörfum kvenna svo þær geti gætt barna sinna á þessu hættulega ferðalagi og svo hægt sé að veita þeim lífsnauðsynlega fæðingarþjónustu og börnum þeirra ungbarnavernd. UN Women vinnur hörðum höndum að því að bregðast við neyð kvenna á flótta og mæta þörfum þeirra með sértækri

þjónustu í færanlegum heilsugæslustöðvum sem UN Women starfrækir á landamærastöðvum í Makedóníu og Serbíu.

Ungmennaráð UN Women

Ungmennaráð UN Women á Íslandi var stofnað haustið 2012 af nokkrum drífandi og kraftmiklum einstaklingum. Síðan þá hefur Ungmennaráðið staðið fyrir ýmsum viðburðum og má þar nefna Pop-Up jóga, Zumba dansi, tónleikum, pub-quiz kvöldum, og uppistöndum. Einnig hefur Ungmennaráðið staðið fyrir gjörningum á borð við barnabrúðkaup á Austurvelli. Það má segja að Ungmennaráðið framkvæmi næstum allt það sem því dettur í hug.

Okkar stærsta og mikilvægasta verkefni eru skólakynningar. Á seinasta starfsári var farið með 22 skólakynningar og markmiðið er að gera enn betur í ár. Ungmennaráðið hlaut ómetanlega styrki frá Landsbankanum og Landsvirkjun og er markmiðið að nýta þá í að ferðast um landið til að ná til enn fleiri ungmenna og fræða þau um mikilvægi kynjajafnréttis. Þar má nefna Akureyri, Ísafjörð, Höfn í Hornafirði. Við munum reyna að komast til eins margra staða og mögulegt er..

Þar kemur ungmennaráðið sterkt inn!

Ungmennaráðið samanstendur af ungu fólki á aldrinum 15-28 ára sem ber hag UN Women fyrir brjósti. Ef þú vilt taka þátt skaltu kíkja á Facebook síðuna okkar og svo hópinn okkar. Síðan heitir „Ungmennastarf UN Women á Íslandi" og hópurinn „Ungmennaráð UN Women á Íslandi". Á þessum síðum má finna upplýsingar um það sem er á döfinni hjá okkur, umræður og fleira. Svo erum við á Instagram undir nafninu ungmennaradunwomen og á Twitter undir nafninu @unwomenyouth_is. Mikilvægasta verkefni ungmennaráðsins, er að dreifa boðskapnum og deila okkar hugsjón, vera gagnrýnin og hávær í jafnréttisumræðunni. Svo er það langmikilvægasta verkefnið, en það er að fara á ww.unwomen.is þar sem þú getur skráð þig sem mánaðarlegur styrktaraðili. Einnig hvetjum við alla þá stráka sem vilja leggja sitt af mörkum fyrir jafnréttisbaráttuna að fara inná www.heforshe.is og gerast HeForShe.

Nú ef þú vilt vera enn öflugri í ungliðahreyfingunni þá er um að gera að hafa samband við okkur og láta okkur vita t.d. með því að senda okkur línu á Facebooksíðunni. Okkur vantar alltaf mannskap í skólakynningar og verkefnahópa sem myndast þegar stórir viðburðir eru í vændum.

Vertu með

Skólaárið er komið af stað, og nú er heldur betur margt spennandi í vændum. Ekki hika við að hafa samband og taka þátt! Við hlökkum til þess að fá þig inn í UN Women-fjölskylduna.

ÉG GET EKKI MEIR

Það tekur á að fela sig
– við erum tilbúin að hlusta

HJÁLPARSÍMI OG NETSPJALL RAUÐA KROSSINS
.is
1717
Ókeypis • Trúnaður • Alltaf opinn

Strætó

Katrín Rut Magnúsdóttir skrifar

Við þekkjum þennan vagn öll. Þennan óþolandi vagn sem flest okkar þurfa að kljást við einhvern hluta af ævi okkar. Þennan blessaða vagn sem er einskonar félagsmiðstöð sem maður neyðist til að taka þátt í. Þennan fyrirlitna vagn sem kemur okkur frá punkti A til punkts B, þó alls ekki án vandræða.

Klukkan er sjö að morgni. Það er rigning úti, ískalt og dimmt. Eina sem bíður þín er strætó. Er það ekki bara lélegasta hvatning í heimi til að fá þig á fætur? Þú veist að ef þú stendur ekki upp úr rúminu núna og gerir þig til fyrir daginn, þá missirðu af strætó. Samt tekurðu þér auka fimm mínútur til að liggja uppí rúmi og stara út í loftið. Mistökin sem þú gerir á hverjum einasta morgni. Sama sagan endurtekur sig, þú neyðist til að hlaupa með níðþunga skólatösku á eftir strætó eins og þú eigir lífið að leysa. Ökumaður vagnsins, sem yfirleitt er ekki í góðu skapi, horfir á þig með engum svipbrigðum og þú brosir vandræðalega til hans. Þegar þú gengur inn og meðfram göngum vagnsins stara á þig ótalmörg augu. Dæmandi augu. Þú finnur þér sæti þegjandi og hljóðlaust. Suma daga ertu ekki einu sinni svo heppin/n/ð að fá sæti þannig þú stendur vandræðalega, haldandi í einhverja stöng og hossast til og frá við hverja hraðahindrun. Yndislegt, alveg hreint. Allt í lagi, þú hefur komist inn í strætóinn. Það er nú bara heldur stórt skref fyrir sig. Þig langar bara að slappa af og hafa smá tíma fyrir sjálfa/n/t þig, kannski skella tónlist í eyrun eða eitthvað slíkt. Á næstu stoppistöð sérð þú þér til skelfingar að ein hressasta manneskja sem þú þekkir kemur inn. Þú elskar þessa manneskju og hefur ekkert á móti henni en „kommon!“ Klukkan er ekki einu sinni orðin átta. Þú horfir niður í gólfið eða út um gluggann og reynir með öllu móti að ná ekki augnsambandi við manneskjuna. Hún hefur tekið eftir þér, kallar til þín og kemur síðan og sest hjá þér. Yfirborðskennt spjall tekur nú við næsta hálftímann. Þig langar ekki að vera dónaleg/ur/t en þér er bara slétt sama hvað manneskjan borðaði í gær. Þú kemst á leiðarenda og dagsins amstur tekur við.

Heimferðin. Ekki er hún skárri og ef eitthvað er þá er hún bara verri. Á háannatímanum er ekkert grín að sitja í umferðateppu, korter er eins og margir klukkutímar að líða. Um morguninn var ískalt úti en nú ertu alveg að kafna úr hita inní vagninum. Þreyttum skólakrökkum er raðað upp eins og sardínum í dós, allir með heimþrá. Ógeðslegar líkamslyktir blandast saman í eitt og þér verður hálf óglatt. Þeir sem taka strætó reglulega kannast við þá tilfinningu þegar leikskólahópur kemur inn í vagninn. Æstir krakkaormar iðandi af spenning að fá að taka strætó. Mögulega einu farþegarnir sem gleðjast yfir því að vera þarna staddir. Þú heldur ró þinni en veltir því þó fyrir þér af hverju lífið sé alltaf að reyna svona mikið á þig. Á næstu stoppistöð átt þú að fara út, loksins. Þú ýtir á takann og stendur upp til að ganga út. Strætóbílstjórinn keyrir framhjá stoppinu þínu. Hvað gerðir þú eiginlega til að sverðskulda þetta?

Að vera ung kona í tónlist

Framhaldsskólablaðið hitti Halldóru Ósk, nemanda við Menntaskólann við Hamrahlíð, söngkonu og upprennandi tónlistarkonu. Hún gaf út plötu fyrir rúmu ári síðan ásamt Baldvini Snæ píanóleikara, sem einnig er nemandi við MH.

Þórdís Dröfn Andrésdóttir skrifar

Hvað varð til þess að þú fórst að hafa áhuga á tónlist og hvernig fékkstu áhuga á klassískum söng?

Þegar ég var 15 ára byrjaði ég í Gradualekórnum í Langholtskirkju og ég vissi ekkert hvað ég væri að fara út í en ég ákvað að prófa. Þar vorum við að syngja klassísk verk ásamt barbershop tónlist, Bítlunum og allskonar öðru. Kórstjórinn í Langholtskirkju, Jónsi, hvatti mig til að fara í söngnám í Söngskólanum í Reykjavík, ég fór sem sagt fyrst á vegum Langholtskirkju í söngnámið og ég hef verið að læra þar síðan. Í rauninni endaði ég bara óvart í klassískri tónlist.

Þú og Baldvin Snær gáfuð út plötu fyrir rúmu ári síðan sem heitir Á vatnsenda, hvernig varð hún til?

Baldvin bauð mér að koma með sér í skapandi sumarstörf í Kópavogi og verkefnið okkar þar var að fara á milli stofnana, aðallega öldrunarheimila, og flytja tónlist. Við ætluðum í upphafi að flytja íslensk þjóðlög en það endaði sem dægurlagadagskrá. Út frá því kviknaði sú hugmynd að taka upp plötu bara upp á grínið og svo bara gerðum við það!

Á hvaða tungumáli syngurðu?

Á plötunni söng ég einungis á íslensku og þetta sumar söng ég bara á íslensku, ég hef mikinn áhuga á íslenskri tónlist. Ég syng ekki mikið á ensku en í söngnáminu syng ég á þýsku, ítölsku og ekki enn á spænsku, en vonandi geri ég það einhvern tímann.

Hvaðan sækir þú innblástur í þá tónlist sem þú syngur?

Yfirleitt gramsa ég í nótum og reyni að finna eitthvað sem höfðar til mín, svo hlusta ég mikið á aðra flytjendur og finn þannig þau lög sem ég vil flytja

Hvar myndir þú vilja sjá þig eftir 5 ár? Myndirðu vilja vera ennþá í tónlist eða að gera eitthvað annað?

Ég myndi endilega vilja vera ennþá í tónlist, ég stefni á að fara eitthvert út í söngnám, kannski til Þýskalands, Danmerkur eða Austurríkis. Ég togast í margar áttir en stefni klárlega á frekara söngnám.

hvað er það sem þú ert aðallega að gera sem ung tónlistarkona?

Einmitt núna er ég mest í söngskólanum í Reykjavík að koma fram á nemendatónleikum svo er ég núna líka að taka þátt í nemendaóperunni,Töfraflautunni.

Finnur þú s.s fyrir því að þú sért kona í tónlistarheiminum? Að hvaða leiti?

Já algjörlega. Þetta er frekar karllægur heimur, ég er alltaf að spila bara með strákum og körlum. Ég lendi oft í „mansplaining“ eða hrútskýringum. Oftar til dæmis eiga hrútskýringarnar sér stað í kringum tæki og tól tengdum söng og tónlistarflutningi. Ef kona lendir í vandræðum við að tengja snúrur í réttar rásir er karlmaður snarlega mættur til aðstoðar – en ekki til þess að útskýra og rifja upp hvert snúran á að fara, heldur til þess að hrútskýra og redda málunum! Og kona situr síðan ein eftir og þarf að gúgla í hvaða rás snúran skal tengjast til þess að muna það næst. Í kjölfar slíkra atburða er oft tekið minna mark á konu sem tónlistarmanni og flytjanda. Oft hefur mér verið sagt að mæta bara með röddina mína til þess að syngja fimm mínútum fyrir tónleika á meðan karlarnir mættu klukkutíma fyrir til þess að stilla upp og tengja allar snúrur í réttar rásir. Stundum held ég að þetta hafi leitt mig til að halda mig í klassíska náminu, í stað þess að fara út í rythmískt nám þar sem snúrur eru ekki hluti af klassískum flutningi og kona þarf einungis vel þjálfaða rödd og tíu fingra píanóleikara, alveg sama hvort þeir séu kven- eða karlkyns.



Platan þeirra Halldóru og Baldvins, Á Vatnsenda.

Það er ætlast til þess að stákarnir sjái um allt fyrir mann. Viðmótið er þannig að það er ætlast til þess að maður sé frekar upp á punt heldur en að maður sé sjálfur tónlistarmaður. Ég hef fundið mikið fyrir því þegar ég t.d fer í viðtöl með Baldvini þar sem einhverra hluta vegna þessi framkoma gagnvart konum í tónlist viðgengst. Þetta er í raun mjög harður heimur fyrir konur.

Karl kallar í aðra karlvini sína og þannig myndast band og þeir bóka gigg en það er allt annað ef konur ætla að fara að hópa sig saman og bóka gigg, þeim er einfaldlega ekki tekið jafn alvarlega.

Það er ekkert grín hvað það er mikill munur á þessum bransa fyrir karla og konur.

Hvað myndirðu segja að væri það erfiðasta við að vera kona í klassískri tónlist?

Það sem er erfiðast við að vera klassísk söngkona er öll samkeppnin. Karlmenn í klassískum söng þurfa oft á tíðum ekki að standa í eins mikilli samkeppni til að fá sín hlutverk. Ef þú ferð til dæmis á óperu sýningu, þar sérðu sópraninn, hann hefur verið valinn úr svona hundrað manna hópi og hefur þurft að vinna ótrúlega mikið fyrir sínu hlutverki. Svo sérðu metso-sópraninn sem hefur verið valinn úr 75 manna hópi líka búinn að vinna ótrúlega mikið fyrir þessu. Næst er það baritónninn eða bassinn sem hefur verið valinn úr segjum 20 manna hópi, hefur líka unnið fyrir sínu hlutverki. Svo er það tenorinn sem bara lenti þarna. Það er ekkert grín hvað það er mikill munur á þessum bransa fyrir karla og konur.

#fólkenekkifaraldur

Eva Dröfn H. Guðmundsdóttir skrifar

Nú hefur það viðgengst í allt of langan tíma að fólk telji sig hafa rétt á því að setja út á, gagnrýna og lítilsvirða feitt fólk. Það að segja einhvern vera feitan er talið vera móðgun. Afhverju? Einhvernvegin erum við komin á þann stað að það telst ásættanlegt að vera með hatursorðræðu í garð feitra einstaklinga. Staðalímyndirnar sem birtast okkur um hvernig feitt fólk er eru skaðlegar og ekkert smá áberandi alls staðar í kringum okkur. Feitt fólk er gjarnan afmennskað og sýnt sem latar og heimskar átmaskínur. Þetta er svo langt frá því að vera sannleikurinn.

Frá og með 8.október verður ljósmyndasýning að nafninu „Fólk en ekki faraldur“ í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar. Að þessari sýningu standa Samtök um líkamsvirðingu í samvinnu við Gunnar Frey Steinsson ljósmyndara og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Því holdafarsmisrétti er stórmál sem telst til mannréttindabrota. Markmiðið með sýningunni er að vekja athygli á því hversu bjagaða mynd umræðan um „offitufaraldurinn“ hefur gefið af holdafari fólksins í landinu og hvernig þessi umræða hefur markvisst alið á neikvæðri sýn og lítilsvirðingu í garð feitra.

Sýningunni er ætlað að veita mótvægi við þessa ímynd og þar eru birtar myndir af venjulegu íslensku fólki með líkamsþyngdarstuðul sem er skilgreindur sem ofþyngd samkvæmt BMI stuðli. Það sem þessi stuðull tekur ekki með í myndina er fjölbreytileiki fólks, fólk af sömu hæð og þyngd er mjög líklega ólíkt að öllu öðru leyti. Það er því sérstaklega áhugavert að skoða hversu ólíkar myndirnar á sýningunni eru þeim ímyndum sem dynja á okkur í fjölmiðlum. Íhugið næst þegar þið heyrið talað um „offitufaraldurinn“, hvaða hóp er raunverulega verið að tala um. Það er verið að tala um mig og þig. Frænku þína, afa þinn, mömmu þína og börnin þín. Vini þína, samstarfsfélaga og kunningja.

Hafnið þessari umræðu. Við erum þverskurður samfélagsins. Við erum fólk en ekki faraldur.

SUGARFREE GUM

WRIGLEY'S Extra WHITE

x25

SWEET MINT

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Borða Drekka tyggja WRIGLEY'S Extra®

Hinsegin á Íslandi

Hvernig er það að vera hinsegin á Íslandi? Hvaða samtök eru til sem styðja við réttindi hinsegin fólks? Framhaldsskólablaðið heyrði í Guðmundi Kára, Maríu Helgu og HIN til að fá nokkur sjónarmið um málið.

Hinsegin Norðurland

Hin – Hinsegin Norðurland eru samtök sem veita fræðslu og stuðning þeim sem eru hinsegin á landsbyggðinni. Við fengum aðeins að heyra frá þeim hvernig staða hinsegin fólks er á fámennari svæðum en höfuðborgarsvæðinu:

„Hinsegin fólk má finna á öllum landshlutum. Samkynhneigð er orðin heldur þekkt og meira samþykkt af almenningi en til dæmis trans. Margir hinsegin einstaklingar reka sig á þetta, að samkynhneigðir mæta sjaldnar fordómum en transfólk, og það á einnig við á fámennari stöðum á landsbyggðinni. Það getur líka verið strembið að vera hinsegin í litlu bæjarfélagi þar sem oft á tíðum er einungis einn sem skilgreinir sig hinsegin. Unglingar á landsbyggðinni hafa því færri fyrirmyndir hvað varðar hinsegin samfélagið þar sem minna er um hinsegin fólk þar. Einungis eru tvö virk hinsegin félög á landinu, og þar af aðeins eitt á landsbyggðinni, Hin - Hinsegin Norðurland, staðsett á Akureyri. Ekki eru allir sem geta sótt í félagsskap til Akureyrar, svo ætla má að það geti verið heldur einmanalegt að vera hinsegin í bæjarfélagi þar sem fáir búa. Transfólk á landsbyggðinni þarf að fara alla leið til Reykjavíkur til að hitta þar teymið sem sér um kynleiðréttingarferlið, og það kostar sitt. Einnig er skólastarfsfólk á landsbyggðinni ekki eins meðvitað um stöðu hinsegin fólks og veit ef til vill ekki hvernig það á að snúa sér varðandi það þegar nemandi á í vandræðum með kynhneigð og/eða kynvitund sína. Á höfuðborgarsvæðinu er vissulega meiri þekking á hinsegin málefnum þar sem meira er fjallað um þau og meira er af viðburðum sem eru opnir almenningi, en samt sem áður er þar af leiðandi meiri ógn fyrir hinsegin fólk. Í stærri bæjarfélögum er auðveldara að komast upp með einelti og jafnvel ofbeldi, þar sem mikið er af ókunnugu fólki, á meðan að smábæjarfólk þekkir lang flesta í bænum og myndi því síður taka áhættuna. Allstaðar er hægt að finna kosti og galla, en við verðum að læra að lifa í okkar samfélagi og vonast til að fordómar fjari út fyrir rest.“

#nocloseticeland



Guðmundur Kári Þorgrímsson er strákur sem vakti mikla athygli á Facebook um daginn fyrir myndband með myllumerkinu #nocloseticeland. Í myndbandinu talar hann um hvað það hafi breytt miklu fyrir hann að koma út úr skápnum og hvetur aðra til þess að gera það líka. Hann skrifaði þessa grein um hvernig hann upplifir sig sem homma í íslensku samfélagi:

„Að vera hommi á Íslandi árið 2016 er ekki mjög erfitt né skuggalegt. Það er þvert á móti alveg yndislegt. Áður en ég steig út úr skápnum var ég búinn að ímynda mér allt það versta. En ég þurfti bara að taka mig á, anda, og láta flakka. Eftir það var leiðin greið.

Í dag er ég hamingjusamasta útgáfan af sjálfum mér. Ég finn aldrei fyrir fordómum, neikvæðni, né feimni í minn garð eða annarra út af kynhneigð.

Íslenskir unglingar eru mjög opnir fyrir því að fólk gæti verið hinsegin. Þeir eru líka opnir fyrir hinsegin-umræðunni sjálfri.

Mér hefur liðið vel með sjálfan mig alveg síðan ég kom út. Í dag tek ég sjálfum mér eins og ég er og ég hef ekkert að fela. Mér hefur aldrei liðið jafn vel í skólanum og félagslífið blómstrar nú þegar ég get verið ég sjálfur.”

María Helga og Samtökin ´78

Við fengum að heyra í nýkjörnum stjórnarformanni Samtakanna ’78 henni Maríu Helgu Guðmundsdóttur, og fræðast aðeins um starf samtakanna:

„Samtökin ’78 skipta mig gríðarlega miklu máli og ég hef mikla trú á því starfi sem þar er unnið. Ég hef verið sjálfboðaliði þar síðan ég flutti heim til Íslands fyrir nokkrum árum eftir langa dvöl erlendis. Ég vil halda áfram þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað í félaginu á undanförnum árum og leggja mitt af mörkum til að skapa opið, viðsýnt og réttlátt samfélag fyrir hinsegin fólk, innan sem utan félagsins.

Það er mikilvægt að ungt hinsegin fólk fái tækifæri til að byggja upp sjálfsmynd sína á jákvæðum forsendum, þroskast og dafna án þess að þurfa að afneita eða bæla hluta af sjálfu sér. Þar gegna fyrirmyndir mjög mikilvægu hlutverki. Ungir hinsegin einstaklingar þurfa eins og aðrir tækifæri tli að spegla sig í fólki í kringum sig, bæði jafnöldrum og eldri fyrirmyndum, og upplifa það að þau séu partur af samfélaginu sínu.

Við erum með sérstakan ungliðahóp fyrir 13-17 ára sem er rekinn í samstarfi við frístundamiðstöðina Tjörnin. Ungliðarnir hittast einu sinni í viku, á þriðjudögum klukkan 19:30-22:00, hjá okkur á Suðurgötu 3. Þar bralla þau ýmislegt skemmtilegt saman undir handleiðslu starfsmanns frá frístundamiðstöðinni og sjálfboðaliða frá Samtökunum ’78. Fullur trúnaður ríkir um það hverjir koma á ungliðakvöld og alltaf er tekið vel á móti nýju fólki. Það er ekki nauðsynlegt að vera „viss“ um að maður sé hinsegin.

Frá 18 ára aldri er ungu hinsegin fólki svo velkomið á viðburði hjá Q-félagi hinsegin stúdenta, sem er í nánu samstarfi við Samtökin ’78. Q-félagið er með hittinga á föstudagskvöldum klukkan 20:00. Samtökin ,78 bjóða líka upp á ókeypis ráðgjöf fyrir hinsegin fólk, aðstandendur og fagfólk. Hinsegin ungmenni geta að sjálfsögðu nýtt sér þá þjónustu og komið og rætt við ráðgjafa.“

America, fuck yeah?

Kristinn Örn Sigurðsson skrifar

8. nóvember 2016. Þetta er dagsetningin þar sem milljónir Bandaríkjamanna munu fara og bíða í marga klukkutími til að kjósa annað hvort Clinton, Trump, Johnson, Stein eða Castle. Já þið lásuð rétt. Kosningarnar eru ekki bara Clinton vs. Trump. Það eru til fleiri flokkar í Bandaríkjunum en Demókratar og Repúblikanar. Mætti nefna frjálshyggju flokkinn, græna flokkinn og stjórnarskrár flokkinn. Nú spyrja sig margir eflaust hvers vegna Johnson, Stein eða Castle séu ekki í kappræðum. Það er nefnilega til fyrirtæki, fyrirtæki sem kallast Commission on Presidential Debates eða CPD. Það var stofnað árið 1987 til að „stjórna kappræðum frambjóðenda“ en það er það sem Demókratar og Repúblikanar sögðu þegar fyrirtækið var stofnað. Já, Repúblíkanar og Demókratar eiga þetta fyrirtæki. Margar reglur eru um það hverjir mega mæta og taka þátt í kappræðunum. Mætti nefna regluna sem Gary Johnson, Jill Stein og Darren Castle vilja breyta. Sú regla er svoleiðis að frambjóðandi verður að vera með að minnsta kosti 15% fylgi til að taka þátt í kappræðum. Þess vegna vita einfaldlega ekki margir Bandaríkjamenn að Johnson, Stein eða Castle séu til! Ég fór inná töluverðan fjölda fréttasíðna og fann hvergi almennilega könnun þar sem að tölur um stuðning 3 flokks frambjóðenda voru til

staðar. Svo fá Stein og Castle ekki neina umfjöllun. Johnson hefur rétt fengið smá núna nýlega þar sem að hann spurði í viðtali hvað Aleppo væri og einning var hann ríkisstjóri Nýja Mexikó 1995-2003 enda var hann þá Repúblikani. Þessu máli væri hægt að líkja við það ef bara Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar mættu vera á kosninga sjónvarpi því að hinir flokkarnir væru ekki með nægt fylgi. Ég skrifa þá hér með opið bréf til allra Bandaríkjamanna:

Dear America,

I ask you kindly to go out on the streets and object the utter ridiculousness of the CDP. I know this may seem a small deal but do you really want this to be an election where you vote who is the better choice between two evils or who is the best choice between evils and goods.

Sincerely,
Kristinn Örn Sigurðsson

Væntanlegt

NÝTT!

NÓA

Lakkrís

KARAMELLUPERLUR

ÁBRNASYNJR

Karamellusúkkulaði með lakkrís og karamellufyllingu.
- hversu mikil karamella er í því?

NÓI SÍRÍUS

Ása, ég held þú sért að misskilja

Ása Valdimarsdóttir skrifar

„Ása, ég held þú sért að misskilja. Það er ekki mannlegt að líða alltaf vel og það líður engum alltaf vel, þó þú sért leið þá þýðir það ekki að þú þurfir greiningu og sálfræðiaðstoð."

Ég veit ekki hvar ég á að byrja þennan texta því mér líður illa að skrifa hann og þess vegna ætla ég bara að byrja á því að segja ykkur að það var ekki fyrr en í október 2015 sem lífið var erfitt. Ég er ekki að tala um að þurfa að læra ótrúlega mikið fyrir söguþróf eða að vinsæla stelpan í bekknum kallaði þig tussu. Ég er að tala um að vakna á morgnanna og eiga erfitt með allt sem fylgir því. Að líða eins og allt sé tilgangslaust og þú sért tilgangslaus. Svart ský fylgir þér yfir daginn og allt hljóð blörrast út, líkt og eigin haus yfirgnæfi öll utanaðkomandi hljóð.

Í október 2015 sagði ég frá því að ég héldi að ég væri þunglynd og með kvíðaröskun, ég vildi fara til sálfræðings og fá greiningu. Að ég væri búin að taka milljón próf á netinu, tala við nánasta fólkið í kring um mig og þetta væri orðin svo stór hluti af mér að ég ætti erfitt með forðast þetta mikið lengur. Viðbrögðin sem ég fékk voru á þann veg að unga kynslóðin væri alltaf svo æst í að skilgreina, skýra allt og gera mál úr öllu, að ég hlyti að vita að ég væri að gera úlfalda úr mýflugu. Að samkvæmt mörgum rannsóknum væri það eina sem ég þyrfti til að líða betur að vera duglegri að hreyfa mig, fara fyrr að sofa, borða hollar og drífa mig meira út úr húsi! Það hvarflaði ekki að neinum að mögulega væri það líðan mín sem er ástæðan fyrir því að ég færi ekki út úr húsi, svæfi bara á daginn og borðaði lítið sem ekkert.

Ég upplifði þetta viðhorf meir og meir í nokkurn tíma og ég sökk bara dýpra með hverri athugasemd. Í langan tíma var ég reið út í þau sem á móti mér voru og kenndi þeim að stórum hluta um hvernig mér leið. Mér fannst þau vera þröngsýn og ég hataði að þau sáu veikindi mín sem drama. Þau voru beinar raddir samfélagsins og eldri kynslóðarinnar, að segja mér að ég væri að bulla. Með tímanum fór ég svo að sjá hvað þau voru mikið að leggja sitt af mörkum til þess að reyna að láta mér líða betur. Þau lásu allar greinar sem þau gátu fundið á netinu og fóru að spyrja sig til um geðsjúkdóma og sálfræðihjálp. Þau spurðu mig mikið og létu mig þannig vita að þau voru að reyna að skilja.

Ég held að það sé það mikilvægasta og besta sem þau gátu gert fyrir mig. Að reyna.

Kæra samfélag,

Ég hef heyrt sögurnar ykkar um heiminn þegar þið voruð á mínum aldri. Ég veit að það var bara einn hommi og það voru engar umræður um geðsjúkdóma, karlar voru bara æðri en konur, hvítir voru æðri en rest, kristni var ráðandi og heimurinn var bara ekki eins og í dag. Ég veit þið haldið að sálrænir kvillar séu uppfinningar yngri kynslóðarinnar og að við séum að ýta undir að fólk skilgreini sig útfrá ákveðnum hópum til þess að vera með og þetta sé „tískustraumur" sem mun einn daginn deyja út.

Ég þarf bara að þið reynið að skilja mína hlið og mínar skoðanir.

Mín skoðun er sú að sömu vandamál voru til staðar þegar þið voruð ung. Það voru fleiri hommar en þið haldið, það var fullt af ungu fólk sem leið illa í eigin líkama og það var fullt af krökkum sem leið alveg eins og mér líður núna. Eini munurinn er sá að enginn skildi og enginn vildi skilja. Enginn talaði um þetta og enginn vildi hlusta. Enginn tók á sig að vera fyrsta manneskjan til að segja að málin, eins og þau stóðu, væru röng og slæm og að þau þyrftu að breytast. Heimurinn í dag er svo mun betri en hann var því þessi orð sem þið vilduð ekki nota eru orð sem eru að hjálpa fólki komast í sátt við þau sjálf og láta þeim líða eins og þau eigi heima í samfélaginu. Hommi. Þunglyndi. Nauðgun. Kvíði. Fótbrotinn.

Ímyndið ykkur hvernig hlutirnir voru áður en fólk áttaði sig á hvað fótbrot var. Að vilja gráta í hvert skipti skipti sem þú stígur í fótinn en vera aumingi ef þú haltrar.

Takk þið hin, fyrir að tala, hlusta og skilja.

Við getum viðhaldið breytingunni og breytt áfram til hins betra.

Iceland Airwaves 2016

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves verður haldin í átjánda skiptið í Reykjavík frá 2.–6. nóvember. Hátíðin verður haldin á mörgum mismunandi stöðum. Þeir opinberu staðir þar sem tónleikar verða eru: Valshöllin, Harpa, Nasa, Gamla Bíó, Húrra, Gaukurinn, Iðnó, Listasafn Reykjavíkur og Mengi á Óðinsgötu.

Egill Uggason skrifar

Frá upphafi

Iceland Airwaves hefur stækkað töluvert frá því hún var fyrst haldin árið 1999. Fyrsta Iceland Airwaves hátíðin stóð yfir eina nótt og var haldin í flugskýli 4 á Reykjavíkurflugvelli þann 16. október.

Nokkrar af þeim hljómsveitum sem komu fram það kvöld voru Quarashi, GusGus, Thievery Corporation (US) og Zoe (DK).

1.

2.

1. Chinah
2. Baloji
3. Flugskýli 4
4. Reptilicus

3.


4.

2016

Gaika

Meginfókus Iceland Airwaves 2016 verður á hip-hop, raftónlist og rokktónlist. Sem dæmi um þekkta listamenn á Airwaves 2016 má nefna: Alexander Jarl, Björk, Dizze Rascal(UK), Kano (UK), Kött Grá Pjé, Lord Pusswhip, PJ Harvey (UK), Santigold (US), Sturla Atlas, The Internet (US) og Warpaint (US)

Aðrir minna þekktir og upprennandi listamenn sem koma fram eru til dæmis Chinah, Gaika, Reptilicus og Baloji.

Chinah er dönsk hljómsveit stofnuð árið 2014 í Kaupmannahöfn. Þeir gáfu út fyrstu plötuna sína „Once the Lights are On" í febrúar á þessu ári. Lögin sem hafa fengið mesta áheyrn af plötunni eru „Away From Me" og „We Go Back". Chinah landaði samning við dönsku útgáfuna NO3 síðasta haust en eiga eftir að gefa út seinni plötu.

Gaika er frá London og er tónlistin hans innblásin af Grimes, Trip Hoppi og Death Grips. Útlitið og stefnan sem Gaika er að vinna með sækir innblástur í gjörningalist og „occultisma". Hægt er að sjá dæmi um það í tónlistarmyndbandinu fyrir lagið hans „Blasphemer" sem kom út í Október á síðasta ári.

Reptilicus er íslensk hljómsveit sem hefur verið virk síðan 1988. Tónlistin þeirra einkennist af industrialtónlist, noisetónlist og raftónlist. Þeir gáfu út fyrstu plötuna sína 1989 og gáfu út plötuna „Music for tectonics" á síðasta ári.

Baloji er fjöllistamaður sem á rætur að rekja til Kongó. Hann er meðal annars skáld, leikari, stílisti og gerir tónlistarmyndbönd. Baloji hóf feril sinn snemma á tíunda áratug með rapphljómsveitinni Starflam en hann hætti í Starflam árið 2005. Þrem árum seinna gaf hann út fyrstu plötuna sína „Hotel Impala" og gaf út þriðju plötuna sína „64 Bits and Malachite" á síðasta ári.

10 AIRWAVES RÁÐ

Sigríður Alma Axelsdóttir skrifar

1. **Klæddu þig vel**
   Þegar það kemur að yfirhöfnum og útifötum, skaltu hugsa eins og túristi. Klæddu þig í hlý föt, því þú átt eftir að þurfa að standa í röðum og flakka á milli tónleikasvæða. Ekki taka áhættuna á því að verða kalt, það er ekkert leiðinlegra en að verða veikur síðustu tvo Airwaves dagana og missa af tónleikum.

2. **Vertu opin/nn/ð fyrir nýrri tónlist**
   Það er alltaf gaman að heyra nýja tónlist. Þú gætir uppgötvað nýju uppáhalds hljómsveitina þína, ef þú bara gefur henni sjéns. Í stað þess að halda þig við sömu tónlistina sem þú hefur séð spilaða þó nokkrum sinnum, er sniðugt að kíkja aðeins á tónlistarúrvalið og finna eitthvað nýtt til að sjá.

3. **Ekki gleyma að borða**
   Þú getur ekki notið tónleikanna til fulls ef þú ert stöðugt að hugsa út í hvað þú sért svangur/svöng/svangt. Dagskráin er löng og margt um að vera. Gott er að skipuleggja sig og gera ráð fyrir því að þurfa að borða á ákveðnum tíma.

4. **Náðu í Airwaves appið**
   Talandi um að skipuleggja sig. Airwaves appið er auðveldasta leiðin til að fylgjast með dagskránni. Þar getur þú skráð hjá þér hvaða tónleika þig langar að sjá, klukkan hvað þeir eru og appið mun meira að segja senda þér tilkynningu áður en tónleikarnir byrja.

5. **Farið sem hópur**
   „Three's a crowd" á ekki við á þessari tónlistarhátíð. Því fleiri, því betra. Deilið með hvor öðru hvað ykkur langar að sjá. Ef hópurinn sundrast, þá planið þið hvar þið ætlið að hittast næst, eða uppfærið hvort annað hvert þið ætlið að fara eftir hverja tónleika.

6. **#Röðin**
   Það er kalt, rigning jafnvel. Þið standið í röð og bíðið eftir því að komast inn. Þú og fólkið í röðinni eigið það allavega sameiginlegt að vilja komast inn og hlusta á tónlist. Þið hafið ýmislegt að tala um, fólkið í röðinni kemur frá mismunandi heimshlutum og getur verið áhugavert að spjalla við það. Biðin verður mun styttri ef maður dettur í gott spjall.

7. **Sýndu þolinmæði**
   Á sumum tónleikum átt þú eftir að þurfa að standa lengi og bíða, hvort sem það er inni eða úti. En það er á endanum (vonandi) þess virði. Þetta tekur allt sinn tíma, sýndu þolinmæði.

8. **Tékkaðu líka á off-venue**
   Þótt þú sért með miða á on-venue, getur þú samt kíkt á það sem um er að vera í miðbænum. Mikil stemning er í Reykjavík á meðan tónlistarhátíðin er. Mikið af fólki sækir í off-venue tónleikana og því er mikilvægt að mæta tímanlega á þá tónleika sem þig langar á.

9. **Hvíld er góð**
   Reyndu að sofa vel og lengi á nóttunni. Það er ekki gott að koma illa sofinn á tónleika og geispa fimmtíu sinnum og finna meira fyrir þreytu, en bassanum í tónleikasalnum.
   Ekki gleyma að anda djúpt, slaka á og sofa. Það gleymist oft þegar lífið er spenndandi, stemningin gífurleg og ástin er í loftinu.

10. **Njóttu**
    Ekki taka lífinu of alvarlega. Njóttu þess að hlusta, lokaðu augunum og vertu í þínum eigin heimi. Njóttu þess að vera í góðum félagsskap, finndu fyrir stemningunni í loftinu og ef þú finnur fyrir áhyggjum skaltu bara henda í eitt gott íslenskt víkingaklapp og segja „...þetta reddast!".

„Mamma vissi alveg hvað hún
var að gera þegar hún gaf mér
fyrstu gítarinn!“

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

TÓNASTÖÐIN • SKIPHOLTI 50D • REYKJAVÍK • S. 552 1185 • WWW.TONASTODIN.IS

Ungt fólk í pólitík

Kosningar eru á næsta leyti og hefur fjölbreytileikinn innan stjórnmálaflokkanna aldrei verið meiri. Unga fólk þessa lands hefur verið sérstaklega áberandi en það er að rífa staðalímyndina um hinn hefðbundna stjórnmálamann upp með rótum. Þau eru ung, þau eru róttæk og þau er komin til að breyta hlutunum. Við tókum viðtal við nokkra áberandi unga pólitíkusa og spurðum þau spjörunum úr, um hvernig það er að vera ungur í stjórnmálum á Íslandi.

Katla Ársælsdóttir og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir skrifa



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

Ritari Sjálfstæðisflokksins og 3.sæti í Reykjavíkurkjördæmi norður

Aldur: 25 ára
Í hvaða framhaldsskóla varstu? Verzlunarskóla Íslands
Ertu með ofnæmi fyrir einhverju? Kuldaofnæmi, ég fæ svona kláða þegar það byrjar að vera kalt úti. Svo fæ ég líka sólarofnæmi þegar það er alltof mikil sól.
Hverjar eru fyrirmyndir þínar úr öðrum stjórnmálaflokkum? Mér hefur lengi þótt skemmtilegt að fylgjast með Össuri Skarphéðinssyni. Hann er fyrsti stjórnmálamaður sem ég hef fengið að rökræða við í sjónvarpi. Það var í þætti sem heitir Mín Skoðun og ég var 22 ára. Mér fannst það mikil áskorun af því að hann er svo mælskur. Honum langar líka að breyta hlutunum, sem mér finnst afar eftirsóknarvert.
Hvenær fékkstu áhuga á pólitík? Alveg fram að menntaskóla og í menntaskóla þá hafði ég ekki mikinn áhuga á stjórnmálum. Ég hafði samt rosalegan áhuga á félagslífi og að taka þátt í að breyta einhverju, ég tók mikið þátt í félagsstörfum. Þegar ég var að klára menntaskóla þá byrjaði ég að finna fyrir meiri áhuga.
Hvenær byrjaðir þú að taka þátt í pólitík? Ég steig mín fyrstu skref í stjórnmálum í Sjálfstæðisflokknum sumarið eftir menntaskóla, þegar ég var svona 19-20 ára.
Hefurðu fundið fyrir aldursfordómum í pólitík? Já, sumir eru óviljandi fordómafullir en það er alveg nýtt að svona ung manneskja er í forrystusveit svona stórs stjórnmálaflokks eins og Sjálfstæðisflokksins. Fólk þurfti bara svolítið að venjast því og átta sig á því. Það er oft bent á ungt fólk í umræðunni og talað um þekkingarleysi, í stað þess að játa það bara að við erum annarar skoðunnar. Þekktur frasi í stjórnmálum er „Þetta mun eldast af þér" þegar þú ert einhverjar skoðunnar og þetta finnst mér aldursfordómar. Þetta er eins og að segja að þú sért ekki orðin nógu klár til að vita hvað þér finnst.
Hver er skoðun þín á lækkun kosningaaldurs í 16 ár? Ég er rosalega opin fyrir því. Ég held að það geti eflt kosningavakningu ungs fólks og eflt áhugan fyrir því. Þegar fólk er 16 ára er það byrjað að borga skatta en það hefur engan áhuga á því í hvað skattarnir fara.

> **Ungt fólk getur breytt miklu meira en það heldur, þau þurfa bara að taka fyrsta skrefið og láta í sér heyra.**

Afhverju er mikilvægt að ungt fólk taki þátt í lýðræði? Ungt fólk getur breytt miklu meira en það heldur, þau þurfa bara að taka fyrsta skrefið og láta í sér heyra. Stjórnmál eru skemmtileg af því að þú getur haft áhrif og breytt einhverju og það er rosalega mikilvægt að ungt fólk taki þátt í þessum breytingum, því annars gæti samfélagið þróast þvert á þeirra skoðanir og þau enda á því að þurfa að lifa með hlutum sem þau eru ekki sátt við, hlutum sem þau hefðu alveg getað komið í veg fyrir á sínum tíma.

Unnsteinn Jóhannsson

Upplýsingafulltrúi Bjartrar Framtíðar og 3.sæti hjá Bjartri Framtíð í Reykjavíkurkjördæmi suður.

Aldur: 30 ára
Í hvaða framhaldsskóla varstu? Iðnskólanum í Hafnafirði, á Listnámsbraut
Ertu með ofnæmi fyrir einhverju? Túnfíflum og hörpudisk, bara hörpudisk, engum öðrum skelfisk sem er rosalega skrýtið.
Hverjar eru fyrirmyndir þínar í öðrum í stjórnmálaflokkum? Mér finnst Helgi Hrafn vera ótrúlega flottur þingmaður, svo er Katrín Jakobsdóttir algjört dúndur. Mér þykir líka rosalega vænt um Ástu Guðrúnu, Pírata. Það eru alveg þingmenn í öllum flokkum sem ég gæti hugsað mér að vinna með, það er flott fólk í flestum flokkum. Unnur Brá, þó við séum ekki alltaf sammála, hún er líka rosalega flott týpa.
Hvenær fékkstu áhuga á pólitík? Ég hef oft sagt að ég byrjaði kannski 13-14 að koma heim úr skólanum, hitaði mér örbylgjupizzu og horfði á beina útsendingu á Alþingi og reifst við þingmennina. Mamma og pabbi þurftu að díla við brjálaðan hormóna ungling sem var alltaf að rífast um pólitík við eldhúsborðið.
Hvenær byrjaðiru að taka þátt í pólitík? Ég byrjaði að taka þátt í kringum Kárahnjúkavirkjunina, ég hef aldrei verið í neinni ungliðahreyfingu eða neitt svoleiðis og aldrei verið skráður í flokk fyrr en ég skráði mig í Bjarta Framtíð í kringum sveitastjórnarkosningarnar árið 2014. Ég byrja í einhverjum aktivísma í kringum Kárahnjúkavirkjun og var svona grúppía fyrir Saving Iceland og reyndi að taka þátt í eins mörgum mótmælum og ég gat.
Hefuru fundið fyrir aldursfordómum í pólitík? Nei, ekki síðan ég gaf kost á mér til þings allavega. En ég hef tekið eftir aldursfordómum. Til dæmis, þá var ég á pallborði um daginn og það var ung þingkona sem sat á pallborði og það var alltaf verið að tala um afa hennar. Alltaf verið að nefna það hvað afi hennar hafi verið frábær karl, þó svo að hún, sjálf líka mjög flott hafi verið bara þarna. Líka þegar fullorðnar manneskjur, í yngri kantinum kannski, sem eru áberandi í umræðunni eru kallaðir krakkar eða talað um þá sem krakkana. Það er svona helst það sem ég hef tekið eftir.
Hver er þín skoðun á lækkun kosningaraldurs í 16 ár? Það væri mjög gott skref. Ég held þó að það þurfi að gera þetta í áföngum. Mér finnst absólut að það eigi að lækka hann niður í 16 ára fyrir næstu sveitastjórnarkosningar sem eru eftir 2 ár. Þegar þú ert orðin 16 ára þá byrjaru að borga skatta, fram að 16 ára aldri ertu mest að taka þátt í þínu eigin sveitarfélagi og þú hefur mestu þekkinguna á því hvernig börn og ungmenni upplifa sveitarfélagið sitt. Það er mikilvægt að það komist til skila. Þingkosningarnar geta svo verið næsta skref
Afhverju er mikilvægt að ungt fólk taki þátt í lýðræði? Því annars ertu að gefa öðrum hópum tækifæri á að taka ákvarðanir fyrir þig. Við sjáum þetta til dæmis í Bretlandi með Brexit þar sem ungt fólk mætti ekki á kjörstað og eldra fólkið tók ákvörðun um að ganga úr Evrópusambandinu, þvert á það sem unga fólkið vildi. Með því að mæta ekki á kjörstað misstu þau af tækifærinu til að hafa áhrif. Þetta snýst líka um það að ef ungt fólk er kröftugur og stór hluti af þeim sem mætir á kjörstað, þá hafa pólitíkusarnir ekki tækifæri til að hunsa þau.

> **Með því að mæta ekki á kjörstað misstu þau af tækifærinu til að hafa áhrif.**



Páll Marís Pálsson

Formaður Sambands Ungra Framsóknarmanna og 3.sæti hjá Framsókn í Suðvesturkjördæmi.

Aldur: 19 ára
Í hvaða framhaldsskóla ertu? Fjölbraut í Garðabæ, félagsvísindabraut
Ertu með ofnæmi fyrir einhverju? Ofnæmi fyrir köttum og heyi. Ég tútna alveg út eins og blöðrufiskur ef ég kemst í snertingu við þetta
Hverjar eru fyrirmyndir þínar í öðrum stjórnmálaflokkum? Kata Jak (Katrín Jakobsdóttir), hún er solid. Hún kemur þarna inn í þessa karlapólitík og hún ownar þetta bara. Hún kemur fram sem kona, og gamlir karlar segja oft að hún hafi komist áfram af því að hún er svona sæt og saklaus. En það er bara ekki þannig. Hún hefur svo mikinn kraft til að breyta hlutunum. Svo er náttúrlega fullt af fólki sem hefur gert rosalega flotta hluti í öðrum flokkum.
Hvenær fékkstu áhuga á pólitík? Ég held að það hafi verið þegar ég var 10-11 ára. Ég er fæddur 97 og hrunið varð 2008. Maður sá allt sem gerðist í hruninu, það voru mótmælin, það fór allt einhvernveginn upp í háaloft, fólk vissi ekki hvort það væri að koma eða fara og þá áttaði maður sig fyrst á því að ákvarðanir sem stjórnmálafólk tekur, þær hafa gígantísk áhrif. Þær geta valdið því að 20 þúsund manns koma á Austurvöll að mótmæla og að allt verður bandvitlaust.
Hvenær byrjaðiru að taka þátt í pólitík? Ég var 15 ára, að klára grunnskóla og var að gera verkefni um stjórnmálaflokka í samfélagsfræði. Ég dró s.s. Framsóknarflokkinn upp úr hatti, var ekki spenntur fyrir því en ákvað samt bara að láta reyna á það. Það var tekið rosalega vel á móti mér, sem gerði það að verkum að maður vildi kynna sér þetta nánar. Það leyddi svo til þess að ég fór að taka þátt í SUF.
Hefuru fundið fyrir aldursfordómum í pólitík? Já, ég hef fundið fyrir aldursfordómum í pólitíkinni, en ég hef ekki fundið fyrir slíkum fordómum innan Framsóknarflokksins. Eins og þegar ég er í pallborðsumræðum með öðrum stjórnmálaflokkum, að þá finnur maður alveg fyrir því að formenn sumra ungliðahreyfinga stjórnmálaflokka eru að detta í þrítug. Svo kem ég, þá 18 ára og nú 19 ára. Mér leið eins og þau héldu að ég væri bara krakki úr framhaldsskóla sem vissi ekkert hvað hann væri að segja, og að það væri léttilega hægt að rúlla yfir mig.
Hver er skoðun þín á lækkun kosningaraldurs í 16 ár? Fyrir mér er það að þegar þú byrjar að borga skatta þá átt þú rétt á að greiða atkvæði og ákveða í hvað skattarnir þínir fara. Þegar þú ert orðin 16 ára þá held ég að þú sért alveg orðin tilbúin til að takast á við það að taka ákvörðun um það hvað þú ætlar að kjósa. Þetta er ekki eins og eldra fólkið heldur að þegar þú ert orðin 16 ára að það sé hægt að plata þig með pítsu og bjór.
Afhverju er mikilvægt að ungt fólk taki þátt í lýðræði? Þegar það kemur að því að byggja upp öflugt samfélag, samfélag fyrir alla, þá þurfa fulltrúar allra hópa að koma að uppbyggingunni. Það skiptir sérstaklega máli að ungt fólk taki þátt því ungt fólk er verðmætasta auðlind sem þetta samfélag á. Við erum framtíðin, sama hvað gamla fólkið segir. Nýtið kosningarréttinn, við þurfum að láta í okkur heyra.

> **Það skiptir sérstaklega máli að ungt fólk taki þátt því ungt fólk er verðmætasta auðlind sem þetta samfélag á.**

Katrín Sigríður Júlíu-Steingrímsdóttir

Gjaldkeri hjá Ungliðahreyfingu Viðreisnar

Aldur: 18 ára
Í hvaða framhaldsskóla ertu? Menntaskólanum við Hamrahlíð
Ertu með ofnæmi fyrir einhverju: Ég er með ofnæmi fyrir ull og kjaftæði.
Hverjar eru fyrirmyndir þínar úr öðrum stjórnmálaflokkum? Alveg óháð því að ég sé ekki fullkomlega sammála henni þá finnst mér Katrín Jakobsdóttir hjá Vinstri Grænum vera rosalega töff og ótrúlega flottur stjórnmálamaður. Hún gerir rosalega vel það sem hún er að gera.
Hvenær fékkstu áhuga á pólitík? Rosalega klassískt að fá hann þegar hrunið var. Þá byrjaði maður að vilja vita hvað væri í gangi, þá var áhuginn samt ekki það mikill en ég var byrjuð að fylgjast með þessu. Þegar ég var komin í unglingadeild í grunnskóla, í svona 8.-9. bekk þá var ég með ákveðnar skoðanir og hélt að þær samræmdust ákveðnum flokki og var rosalega heit fyrir þeim flokki. Síðan þegar ég var svona 15 ára þá ákvað ég að skoða alla stjórnmálaflokka sem voru á Íslandi og fann þá að það var enginn flokkur á Íslandi sem náði utan um mínar skoðanir. Mér fannst þetta ógeðslega leiðinlegt því ég hugsaði að ég þyrfti þá bara alltaf að kjósa skásta valkostinn. Þannig að ég hef verið í þrjú ár rosalega óflokksbundinn en samt alltaf með rosalega sterkar skoðanir.
Hvenær byrjaðir þú að taka þátt í pólitík? Bara frá og með stofnun Viðreisnar. Ég hef samt alveg verið með í öðruvísi pólitísku starfi sem tengdist ekki neinum flokkum. Ég hef verið með fyrirlestra um frjálslyndi og málþing sem tengjast pólitískum málefnum en aldrei neitt í neinum flokki.
Hefurðu fundið fyrir aldursfordómum í pólitík? Nei, allavega ekki innan flokksins. Ungt fólk kom rosalega mikið að uppbyggingu flokksins, rosalega mikið af grasrótinni í flokknum er ungt fólk, það er rosalega virk ungliðahreyfing og allt svoleiðis. En frá utanaðkomandi aðilum þá hef ég fengið að heyra að ég viti ekki hvað ég er að tala um og að ég sé alltof ung til að hafa einhverja skoðun sem er náttúrlega fáránlegt.
Hvað finnst þér um lækkun kosningaaldurs í 16 ár? Skoðun mín er ekki nógu sterk, þetta er ekki hitamál fyrir mig. Það væri kannski fínt til að fá meira af yngri kynslóðinni til að sýna sig á kjörstað. Af því að það er bara staðreynd að þessi kynslóð sýnir sig miklu minna á kjörstað samanborið við aðra aldurshópa og samanborið við það hversu mikið þau ættu að mæta. Þannig að kannski

> **Ef við viljum breytingar, þá þurfum við að mæta sjálf og kjósa**

væri það fínt til að stækka hópinn. Kannski myndi það samt gera það að verkum að það yrði minni aðsókn af því að það væri breiðara aldursbil sem þú ert að reyna að fá til að mæta.
Afhverju er mikilvægt að ungt fólk taki þátt í lýðræði? Svo að ungt fólk fái eitthvað að segja um hvernig þeirra samfélagi sé stjórnað. Ungt fólk er jafn mikilvægur hluti af samfélaginu og hver annar hópur. Hver kynslóð hefur sitt fram að færa og ef raddir okkar fengju ekki að heyrast þá væri samfélagið ansi einsleitt og jafnvel ósanngjarnt að okkar mati. Ef við viljum breytingar, þá þurfum við að mæta sjálf og kjósa, taka þátt eða hvað sem við teljum að við höfum fram á að færa.

Iðunn Garðarsdóttir

4. sæti á lista Vinstri Grænna í Reykjavíkurkjördæmi norður

Aldur: 27 ára
Í hvaða framhaldsskóla varstu? Menntaskólanum við Hamrahlíð.
Ertu með ofnæmi fyrir einhverju? Engin ofnæmi, sem betur fer.
Hverjar eru fyrirmyndir þínar úr öðrum stjórnmálaflokkum? Katrín Júlíusdóttir, hún er öflug kona sem hefur verið gríðarlega flott á þingi.
Hvenær fékkstu áhuga á pólitík? Ég byrjaði að hafa áhuga þegar ég var í menntaskóla. Ég útskrifaðist sem stúdent árið 2008, í kringum efnahagshrunið, og byrjaði þá að fylgjast með stjórnmálunum af einhverri alvöru. Á þeim tíma var svo augljóst hversu mikil áhrif stjórnmálaöflin höfðu á samfélagið og hversu mismunandi stjórnmálaöflin voru. Svo í kjölfarið af öllu þessu byrjaði ég að sjá betur hvar ég stóð sjálf í stjórnmálum og hvað skipti mig máli.
Hvenær byrjaðir þú að taka þátt í pólitík? Ég byrjaði að mæta á fundi hjá Vinstri Grænum í kringum 23ja ára aldurinn. Starfið þar heillaði mig mjög mikið og það að fá tækifæri til að taka þátt í því fannst mér spennandi. Ég sá að í VG eru allir jafningjar og að allar raddir fá að heyrast. Svo fannst mér, og finnst enn, ótrúlega gaman að fá að vinna með öllu klára og flotta fólkinu sem starfar innan VG.
Hefurðu fundið fyrir aldursfordómum í pólitík? Já og nei, ég held að ungt fólk þurfi að berjast meira fyrir sínu plássi í stjórnmálum, það hefur ekki þessa reynslu sem eldra fólkið býr yfir. Ég hef meira fundið fyrir kynjafordómum, fremur en aldursfordómum. Sem stelpa hef ég fengið komment um hvað ég er sæt og ljóshærð og alls konar komment sem ég er viss um að strákar fengju ekki, en hef fundið minna fyrir aldursfordómum persónulega.
Hver er skoðun þín á lækkun kosningaaldurs í 16 ár? Tvímælalaust, þá á að lækka kosningaaldurinn. Því fleiri sem kjósa því betra. Þetta er akkúrat í stefnuskrá Vinstri Grænna árið 2016 að það eigi að lækka kosningaaldurinn. Það er fullt af ungu fólki á Íslandi með skoðun á stjórnmálum og það á að gefa þeim tækifæri til að kjósa og koma sinni skoðun á framfæri.
Afhverju er mikilvægt að ungt fólk taki þátt í lýðræði? Ungt fólk er stór og mikilvægur hluti af samfélaginu. Fjölbreytileiki í stjórnmálastarfi er gríðarlega mikilvægur og ég hvet allt ungt fólk sem hefur einhvern áhuga til að kynna sér stjórnmálaflokkana og taka þátt! Það er mikilvægt að ungt fólk geti séð að það sjálft geti breytt einhverju og haft áhrif.

> **Fjölbreytileiki í stjórnmálastarfi er gríðarlega mikilvægur og ég hvet allt ungt fólk sem hefur einhvern áhuga til að kynna sér stjórnmálaflokkana og taka þátt!**

Inga Björk Bjarnardóttir

2. sæti á lista Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi

Aldur: 23 ára
Í hvaða framhaldsskóla varstu? Menntaskóla Borgarfjarðar
Ertu með ofnæmi fyrir einhverju? Nei, ekki neinu sem betur fer.
Hverjar eru fyrirmyndir þínar úr öðrum stjórnmálaflokkum? Páll Valur í Bjartri Framtíð. Hann var samt einu sinni í Samfylkingunni, þannig að ég er smá að svindla með þessu svari.
Hvenær fékkstu áhuga á pólitík? Ég fékk áhuga á pólitík í hruninu, þá var ég 15 ára. Ég var reyndar búin að vera í barráttu fyrir réttindum fatlaðra fyrir það, að berjast fyrir bættu aðgengi og snúast í pólitíkinni í kringum það. En ég byrjaði að fá áhuga á flokkapólitík 15 ára gömul.
Hvenær byrjaðir þú að taka þátt pólitík? Ég byrjaði að taka þátt stuttu eftir að áhuginn kviknaði, var kannski svona 16 ára gömul. Ég byrjaði á því að taka þátt í Samfylkingunni í Borgarbyggð, þar er engin ungliðahreyfing svo að ég mætti bara með fullorðna fólkinu.
Hefurðu fundið fyrir aldursfordómum í pólitíkinni? Já mjög mikið. Ég sóttist eftir 1.-2.sæti í Norðvestur kjördæmi sem nær alla leið frá Hvalfirði og að Tröllaskaga. Fólki fannst mjög skrítið að svona ung kona ætlaði að sækjast eftir oddvitasæti, að ég væri bara ennþá krakki. Ég var alltaf að fá komment á Facebook síðuna mína svona ‚Þessi er nú varla búin að slíta barnaskónum'.
Hver er skoðun þín á lækkun kosningaaldurs í 16 ár? Samfylkingin er með það á stefnuskránni sinni og við lögðum fram frumvarp um það á þessu kjörtímabili. Við lögðum fram að það yrði gert í skrefum, byrja á sveitastjórnarkosningunum og fara svo í Alþingiskosningarnar sem mér finnst vera mjög góð hugmynd.
Afhverju er mikilvægt að ungt fólk taki þátt í lýðræði? Það er svo rosalega mikilvægt að ungt fólk fái kennslu og þjálfun í lýðræði áður en það fer að kjósa. Það er ábyrgð að kjósa og mikilvægt að ungt fólk læri þessa ábyrgð og nýti kosningarréttinn sinn.

> **Það er ábyrgð að kjósa og mikilvægt að ungt fólk læri þessa ábyrgð og nýti kosningarréttinn sinn.**

Viktor Orri Valgarðsson

3.sæti hjá Pírötum í Reykjavíkurkjördæmi suður

Aldur: Verð 27 ára laugardaginn 22. október
Í hvaða framhaldsskóla varstu? Eitt sinn Kvennskælingur, ávallt Kvennskælingur (alltaf tvö n). Er samt í doktorsnámi í stjórnmálafræði í University of Southampton þessa dagana, en gerði hlé á því til að fara í verklegu stjórnmálafræðina hér heima.
Ertu með ofnæmi fyrir einhverju? Já, er með mikið ofnæmi fyrir köttum og svolítið fyrir hundum og grasi (þ.e. þessu sem maður finnur á túnum), sem mér finnst mjög leiðinlegt, sérstaklega af því ég elska ketti mjög mikið.
Hverjar eru fyrirmyndir þínar úr öðrum stjórnmálaflokkum? Góð spurning! Margrét Tryggvadóttir sem sat á þingi fyrir Borgarahreyfinguna og bauð sig fram í prófkjöri Samfylkingarinnar nýlega er einn af mínum uppáhalds þingmönnum fyrr og síðar. Mér finnst Guðmundur Steingrímsson, Óttarr Proppé og fleiri í Bjartri Framtíð líka nálgast stjórnmál á mjög skynsamlegan og heillandi hátt, þau hugsa út fyrir kassann og eru til í að vinna málefnalega og uppbyggilega með öðrum. Katrín Jakobsdóttir er frábær stjórnmálamaður; réttsýn, klár, skýr og sanngjörn. Loks verð ég að nefna Pétur Blöndal heitinn, sem var alltaf heiðarlegur og trúr sínum hugsjónum, þó maður væri ekki alltaf sammála þeim hugsjónum.
Hvenær fékkstu áhuga á pólitík? Ég eiginlega man það ekki. Ég held ég hafi fyrst farið að pæla almennilega í íslenskri flokkapólitík á fyrstu árum menntaskóla, en ég man eftir því að hafa haft alls konar skoðanir á alls konar pólitískum hlutum frá því ég var í grunnskóla.
Hvenær byrjaðir þú að taka þátt í pólitík? Sennilega með því að heimsækja kosningaskrifstofur allra helstu flokkanna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2006, þegar ég var 17 ára. Svo fór ég að skrifa greinar tiltölulega fljótlega, og hafði svosum alltaf átt það til að rífa mig við alls konar fólk um pólitík. Ég tók þátt í mótmælunum í búsáhaldabyltingunni 2008-2009 og varð ansi virkur í pólitík og aktívisma upp frá því, án þess að binda mig við neina stjórnmálaflokka; ég fór í BA-nám í stjórnmálafræði í HÍ 2009, stofnaði þriðju stúdentafylkinguna í HÍ (Skrökvu, félag flokksbundinna framapotara) í byrjun árs 2010 með vinum mínum og settist í Stúdentaráð í kjölfarið, talaði mjög mikið fyrir nýrri stjórnarskrá og bauð mig fram til Stjórnlagaþings árið 2010 og síðan var ekki aftur snúið.
Hefurðu fundið fyrir aldursfordómum í pólitík? Humm. Ekki beint, gagnvart mér sjálfum þ.e. Allavega ekki frá því fólki sem ég starfa með, þó auðvitað fái maður stundum ódýr skot frá fíflum á internetinu. Svo hef ég upplifað óbeint í gegnum vini mína í öðrum flokkum að þar virðist vera mjög erfitt fyrir frambærilegt, ungt fólk að ná árangri og hafa almennileg áhrif innan sinna flokka.
Hvað finnst þér um lækkun kosningaaldurs í 16 ár? Það er samþykkt stefna Pírata og ég mundi því styðja það mál. Persónulega er ég hins vegar efins um að það sé nokkur lausn, ég vil líta á lýðræðið umfram kjörklefann og virkja fólk í alls konar lýðræðislegri þátttöku og er ekki viss um að þessi lækkun yrði til sérstakra bóta, án þess að ég óttist hana heldur. Ég held að til lengri tíma ætti umræðan um alls

> **Ef ungt fólk vill nútímalegri stjórnmál, lýðræði og pólitíska ábyrgð, betra menntakerfi, fleiri tækifæri til atvinnu og náms og aðgengilegra húsnæði þá verðum við að kjósa þessa hluti - annars breytist ekkert.**

konar lögbundin aldursmörk ekki að ráðast af tímabundnum vandamálum heldur af einhverjum skýrt skilgreindum viðmiðum - af hverju t.d. 16 ár frekar en 15 eða 17? Myndi fólk þá hafa rétt á að kjósa en ekki til að drekka áfengi í fjögur ár eða tvö, eða þyrftum við þá að lækka það niður í 16 ár líka? Við þurfum að hugsa þetta svolítið í samhengi.
Afhverju er mikilvægt að ungt fólk taki þátt í lýðræði? Af því annars tekur eldra fólkið allar mikilvægar ákvarðanir fyrir okkur, og það mun koma niður á okkur hvort sem okkur finnst pólitík áhugaverð eða ekki. Ef ungt fólk vill nútímalegri stjórnmál, lýðræði og pólitíska ábyrgð, betra menntakerfi, fleiri tækifæri til atvinnu og náms og aðgengilegra húsnæði þá verðum við að kjósa þessa hluti - annars breytist ekkert. Svo er lýðræðið líka bara svo skemmtilegt, þegar það fær að blómstra!

Klósett, kyn og kynjatvíhyggja

Mæló (María Lóa Ævarsdóttir) skrifar

Af hverju þarf maður að velja klósett eftir kynfærum?

Kynjalaus klósett innan menntaskóla hafa verið töluvert áberandi í umræðunni undanfarna daga. Hvort sem það væri jákvætt eða neikvætt má deila um. Persónulega finnst mér að þetta sé skref fram á við, til hins betra, en það eru því miður ekki allir á þeirri skoðun. Það skil ég ekki alveg, en alltaf skal horfa á allar hliðar málsins. Þar með sagt, þetta er mín hlið.

Ég er kynsegin. Ég áttaði mig á því smátt og smátt, en var alltaf í ákveðinni afneitun. Eftir nokkra mánaða rifrildi við sjálfan mig fór ég að opna á umræðuefnið og fékk einungis jákvæð viðbrögð. Fyrst um sinn var ég búinn að fá svo góð viðbrögð að ég hélt að ég væri ósigrandi! Það var ekki svo. Ég fékk ekki góð viðbrögð frá öllum og því meira sem ég opnaði mig með að vera kynsegin, því meira tók ég eftir fordómunum. Ég tók eftir öllu kynjaða talinu hjá fólki, hópaskiptingu eftir kyni og öllum litlu smáatriðunum sem ættu ekki að skipta máli.

„Farið í raðir, stelpur hér, strákar þarna!"

„Má ég ekki bara kalla þig María, það er auðveldara."

„Ertu ekki glöð?"

„En hvað þú ert sæt."

„En hvað þú ert fín í dag. Alveg eins og sönn dama!"

Það fór meira og meira í taugarnar á mér, en ég lét það ekki á mig fá. Ég skildi samt aldrei af hverju þetta skipti mig svona miklu máli og af hverju ég gæti ekki bara sætt mig við að nota alltaf fornafnið hún. Ég skil það samt núna.

Þegar maður fer út fyrir alla þá samfélagslega mótuðu kassa hjá sjálfum sér og skoðar allt án sterks álits þá opnast eitthvað fyrir manni. Fyrir mér opnaðist sú staðreynd að þetta skipti mig máli því að þetta væri ég. Og ég skipti miklu máli í mínu eigin lífi. Það tekur á að sætta sig við sjálfan sig eins og maður er og þá sérstaklega þegar það virðist sem heimurinn sé á móti manni.

Af hverju getur maður ekki fengið að breyta nafninu sínu?

Af hverju þarf maður að vera skráður sem kynið sem manni var úthlutað á vegabréfum?

Af hverju þarf maður að velja klósett eftir kynfærum?

Þessar spurningar brenna oft á vörum margra og stöku sinnum eru gefin ‚einföld' svör við þessu. Transfólk er minnihlutahópur og er því ekki í forgangi í lagabreytingum og svo framvegis. Að mínu mati er þetta eins og að segja að við skiptum bara engu máli. Við erum núll og nix í þessum heimi og þar með er okkur bara sópað út í horn.

Afhverju er þetta viðhorf ríkjandi hjá mörgum? Kannski vegna fordóma? Hvaðan stafa þessir fordómar? Kannski finnst fólki þetta skrítið, umræðan um trans og kynsegin of nýtt fyrirbæri. Auðvitað er þetta nýtt! Fólk mátti ekki tala um kynhneigð sína án þess að verða fyrir aðkasti fyrir mörgum árum. Hvað átti transfólk þá eiginlega að gera? Við megum varla tala um þetta nú til dags án þess að fá aðkast.

„Þetta er bara einhver uppspuni hjá þinni kynslóð."

Þetta er ekki búið til af okkar kynslóð. Nei þetta hefur örugglega verið til lengi og því kannski ekki sterkustu mótmæli sem fólk getur komið með. Hugsanlega væri auðveldara að vera trans ef það mætti tala meira um það. Það varð auðveldara fyrir samkynhneigða að opna sig, „koma út úr skápnum" og koma sínum málefnum á framfæri eftir að þau fóru að láta taka eftir sér. Af hverju fáum við ekki að gera það? Af hverju fáum við það viðhorf að þetta sé einhver uppspuni okkar? Við viljum tala. Við viljum að það heyrist í okkur.

Þess vegna er ég að skrifa þetta. Ég er að skrifa þessa grein fyrir allt transfólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi, hvort sem það sé andlegt eða líkamlegt. Fyrir alla sem þurfa að nota nafnið sem þeim var gefið án þess að vilja það, fyrir alla sem þurfa að þykjast vera eins og þeir séu það kyn sem þeim var úthlutað við fæðingu og fyrir alla sem geta ekki notað almenningsklósett vegna merkinga.

Af hverju eru merkingar á klósettum? Særir það blygðunarkennd fólks það mikið að heyra í fólki af öðru líffræðilegu kyni pissa eða kúka?

Ég er nú samt manneskja sem hlustar á álit allra og reyni að setja mig í spor þeirra. Margir halda að fólk af öðru kyni reyni kannski að kíkja á það á klósettinu, að perrast. En það er nú ekki hægt að segja að aðeins þeir af gagnstæðu kyni líti á fólk á klósettinu. Þetta getur gerst óháð kyni og það væri alltaf jafn ógeðslegt.

Þetta er ekki markmið transfólks þegar það biður um að fá að fara á það klósett sem það tengir kyn sitt við. Markmið transfólks sem biður um það er að líða vel á mögulega óþægilegasta stað sem margir geta hugsað sér um. Almenningsklósett er óvinur margra, óháð kyni. Það líður held ég ekki mörgum eitthvað rosalega vel að fara á almenningsklósett, en fólk sem þarf að flokka sig í einhvern hóp til að mega fara á klósettið líður örugglega verst með það.

Við eigum til með það að gera þetta. Flokka fólk í óþarfa hópa. Það eru stelpur og strákar, stelpustrákar og strákastelpur, transfólk, kynseginfólk og fleiri sem eru flokkaðir í þessa óþörfu hópa.Til hvers? Þurfum við að dæma fólk eftir því hvað er í buxunum þeirra? Þurfum við að gera eignileika karlmannlega og kvenmannlega, og þá síðan að tabú eiginleikum fyrir stelpur og stráka?

Þetta eru góðar og gildar spurningar sem vert er að pæla í, en kannski seinna. Það sem ég ætlaði að koma frá mér er sá punktur að transfólk skiptir líka máli, þrátt fyrir að vera minnihlutahópur. Mörgum líður illa á almenningsklósettum. Með því að taka niður kynjamerkingar eru skólar því að stuðla að bættri líðan nemanda.

LÍN frumvarpið og áhrif þess á námsmenn

Katla Ársælsdóttir skrifar

LÍN frumvarpið hefur verið mjög vinsælt umræðuefni í fjölmiðlum undanfarna mánuði. Margir hafa talað opinberlega um sínar skoðanir á málinu, bæði með og á móti.

LÍN frumvarpið var sett fram á Alþingi árið 2015 af þáverandi menntamálaráðherra, Illuga Gunnarssyni.

Í lagafrumvarpinu stendur að markmið laga þessara væri að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir námsaðstoð í formi námsstyrkja og námslána.

Það þýðir að LÍN, sem er ríkisrekin lánasjóður, mun ekki veita námsmönnum þau lán eins og hann gerir í dag heldur mun LÍN veita einstaka námsmönnum allt að 15 milljón króna styrk og aðrir námsmenn eiga kost á 3 milljón króna styrk.

Eitt af skilyrðunum er að námslánin byrja að staflast upp um leið og námið hefst en viðkomandi má ekki byrja að borga af námslánunum fyrr en ári eftir að námi lýkur, um 4 árum eftir að námslán eru tekin.

Einnig er í frumvarpinu að verðtrygging lánanna mun hækka úr 1% yfir í 2,5% ásamt 0,5% álagningu.

Lagt er til að námsmenn fái 65 þúsund króna styrk á mánuði til að framfleyta sér, síðan eiga námsmenn líka kost á því að fá 122 þúsund króna styrk 9 mánuði ársins:

Þetta hljómar svo sem ekkert svo illa, bara frekar fínt að fá 187 þúsund á mánuði, bara næs. En ef við hugsum til þeirra námsmanna sem eru í námi úti, eða eru að borga leigu, eða eiga fjölskyldu, þá er þessi peningur kannski ekki sérlega mikill peningur til framfleytingar.

Samkvæmt útreikningum SHÍ eru 98% þeirra námsmanna sem taka lán í núverandi kerfi betur sett en í því kerfi sem fyrrverandi Menntamálaráðherra setti fram.

María Hjarðar er námsmaður frá Egilsstöðum sem stundar nám við Háskóla Íslands en hún skrifar um hvernig nýja frumvarpið mun hafa áhrif á sig sem námsmann utan af landi.

„Ég vildi óska þess að raunveruleiki minn sem stúdent væri að geta búið áfram hjá pabba, fengið að borða og bursta í mér tennurnar frítt og fá 65 þúsund króna styrk frá ríkinu á mánuði

Stúdentar sem koma langt að til þess að fara í nám hafa oft ekki aðra möguleika á framfærslu en með því að taka fullt námslán.

Illugi Gunnarsson



María Hjarðar

til þess að eyða í föt og bjór. Gæti fengið mér vinnu á sumrin og eytt peningnum í að fara á Þjóðhátíð og til útlanda. Það væri draumalífið mitt í háskóla.

En sem stúdent af landsbyggðinni er það ekki í boði fyrir mig. Auk kvíða og stressi yfir því að vera að flytja frá mestallri fjölskyldu og vinum og henda mér beint á leigumarkaðinn í Reykjavík þá mun ég þurfa að taka fullt námslán til þess að framfleyta mér. Og ég mun ekki geta boðið mér heim til mömmu í mat og kvíðastillandi faðmlag þegar hart er í ári.

Stúdentar sem koma langt að til þess að fara í nám hafa oft ekki aðra möguleika á framfærslu en með því að taka fullt námslán. Stúdentar sem koma langt að geta ekki lifað á 65 þúsund krónum á mánuði.

Stúdentar sem sækja skóla í heimabyggð, eru í mat og húsnæði hjá foreldrum/forráðamönnum og hafa litla sem enga þörf fyrir láni geta vel dundað sér og skemmt fyrir 65 þúsund krónur á mánuði. Sem er gott. Það er skref í rétta átt að vilja gefa stúdentum peninga fyrir það eitt að vera í námi. En það er nákvæmlega enginn jöfnuður í því að ein tala gildi yfir alla. Því minn 65 þúsund kall er ekki að fara í sömu hluti og 65 þúsund kall vinkonu minnar sem býr frítt hjá foreldrum sínum í miðbænum. Minn 65 þúsund kall á mánuði verður étinn af vöxtum sem ég mun greiða af láninu sem fylgdi honum.

Auk þess að vera landsbyggðarpakk er ég einnig kona. Margt bendir til þess að ég muni hafa lægri tekjur heldur en skólabróðir minn, en kynbundinn launamunur mældist tæplega 10% árið 2015. Samt eigum við skólabróðir minn að borga það sama af láninu mánaðarlega. Ekkert jafnrétti felst í því að afnema tekjutengingu af afborgunum námslána ef ekki er fullkomið launajafnrétti kynja.

Það er hægt að gera frumvarp sem virkar fyrir hvern einasta stúdent, en það mun taka tíma, og það mun ekki vera á þann veg að öllum sé steypt í sama formið. Það er margt sem þarf að taka tillit til þegar verið er að vinna með fólk. Frumvarpi um jafn mikilvægt mál og þetta má ekki drífa í gegn. Það þarf að ræða það, breyta og bæta og fá álit alls kyns stúdenta. Ekki bara þeirra sem að gagnast af því að öllum sé steypt í sama form."

Þessi grein var e.t.v. þurr lestur, prósentutölur og peningaupphæðir sem eflaust margir tengja ekki við. Ég tengi ekki mikið við þetta sjálf þar sem ég bý heima hjá foreldrum mínum og borga enga skatta og hef aldrei tekið lán.

„En einn daginn mun ég þurfa að fullorðnast, flytja að heiman, borga skatta og líklega þurfa að taka námslán þegar ég fer í háskóla. Þá er ótrúlega mikilvægt fyrir mig og þá sem eru í sömu stöðu og ég að við þurfum að hafa skoðun á hlutum, eins og námslánakerfinu á Íslandi."

Lægri skattar
meira útborgað

grafíker

Árangurinn er sýnilegur

- Leiðréttingin varð að veruleika
- Losun fjármagnshafta
- Kröfuhafaleið okkar gekk upp
- 15.000 ný störf og kröftugur vöxtur
- Kaupmáttur launa hefur aldrei verið meiri
- Verðbólgu haldið í skefjum
- Nýtt almannatryggingakerfi innleitt
- Bótaskerðingar dregnar til baka
- Samningur um loftslagsmál undirritaður
- Hærri greiðslur í fæðingarorlofi

xB

www.framsokn.is | Þú finnur okkur líka hér: /framsokn

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

So what would happen if suddenly, magically, men could menstruate and women could not?
Clearly, menstruation would become an enviable, worthy,
masculine event: Men would brag about how long and how much.
Young boys would talk about it as the envied beginning of manhood.
Gifts, religious ceremonies, family dinners, and stag parties would mark the day.
To prevent monthly work loss among the powerful,
Congress would fund a National Institute of Dysmenorrhea.
Doctors would research little about heart attacks,
from which men would be hormonally protected, but everything about cramps.
Sanitary supplies would be federally funded and free.
-Gloria Steinem



Rauði skatturinn

Fésbókarsíða undir nafninu ‚Rauði skatturinn' leit dagsins ljós snemma síðasta sumar. Hún fékk strax töluverða athygli í kjölfar sinnar fyrstu færslu, en þar var skorað á allar konur að hætta að blæða mánaðarlega og þær sömuleiðis hvattar til að deila áskoruninni áfram.

Sara Mansour skrifar

Hvað er „Rauði skatturinn"?

Tíðarvörur, s.s. dömubindi og túrtappar, tilheyra skattþrepi lúxusvarnings. Nauðsynjavörur, eins og matur, hafa lægri skattálagningu meðan munaðarvörur kosta hlutfallslega meira. Þessi mismunandi stig virðisauka eru leið ríkisins til þess að fólk hafi greiðari aðgang að þeim hlutum sem við þurfum til að lifa mannsæmandi lífi. Hingað til hafa ýmsar vörur, sem eru markaðssettar í átt til kvenna, kostað meira en vörur sem eru dæmigert keyptar af körlum. Þessi óútskýrði verðmunur hefur verið nefndur „bleiki skatturinn" og leggst ofan á víðfeðman launamun kynjanna. Hugmyndin að ‚Rauða skattinum' spratt upp þegar hópur af ungmennum fékk nóg af núverandi skattlagningu tíðarvarnings. Túrtappar, dömubindi o.s.frv. eru nauðsynjavörur, ekki lúxus! Konur velja ekki að fara á blæðingar, heldur er það ósjálfráð og náttúruleg starfsemi líkamans sem engin ætti að þurfa að greiða fyrir. Óstjórnarlegur blóðflaumur einu sinni í mánuði, túrverkir og hormónatruflanir eru nógu dýrkeyptar.

Hvert er markmiðið með „Rauða skattinum"?

Um þessar mundir liggur fyrir lagafrumvarp um að færa tíðarvörur í skattþrepið með nauðsynjavörum og það er skref í rétta átt. Hins vegar mun baráttunni hjá Rauða skatts teyminu ekki ljúka fyrr en stúlkur og konur hafa óheft aðgengi að tíðarvörum - og þá sérstaklega að þeim sem eru margnota og umhverfisvænar. Það væri mikilvægur liður í túrvæðingunni sjálfri, en hennar helsta markmið er að normalísera blæðingar og aðra kima kvenlíkamans. Það þarf að skapa samfélag þar sem tíðarhringurinn hefur sem minnst áhrif á eignir og afköst kvenna; samfélag þar sem ungar stúlkur eru ekki niðurlægðar fyrir að vera með túrbletti og þar sem þær þurfa ekki að velja á milli menntunar og að hrökklast heim því þær byrjuðu óvænt á blæðingum. Samfélag þar sem „ertu ekki bara á túr?" er aldrei notað til að grafa undan konum, samfélag þar sem kynin eru jöfn.

„Rauði skatturinn": meira en bara blæðingar

Þó svo að megintilgangur fésbókarsíðunnar sé að vekja vitund á fáránleika túrskattsins og deila fréttum af þróun hans um allan heim, þá hefur hún líka öðlast hlutverk sem færsluveita ýmissa atriða sem tengjast femínisma. Þar er lögð mikil áhersla á stöðu kvenna í lágtekjuríkjum þar sem lagalegt og félagslegt kvenfrelsi er ekki komið jafn langt og hérlendis. Sem dæmi má nefna umskurð kvenna (e. female genital mutilation), sýruárásir, drusluskömmun, bann gegn fóstureyðingum, líkamshatur, kynferðisofbeldi og útilokun kvenna af öðrum kynþætti en hvítum í fjölmiðlum.

Hvað er á döfinni og hvernig getur þú verið með? Túrvæðingin er í gangi - einmitt núna. Og það er sáraeinfalt að taka þátt. Við þurfum bara að hafa augu og eyru opin og tjá okkur þegar kostur er á. „Rauði skatturinn" er opin like-síða þar sem allir geta deilt hugmyndum og hugleiðingum. Þið aukið sýnileika síðunnar með því að like-a og deila, taka þátt í áskoruninni um að hætta að blæða og krefja þá sem sækjast eftir sæti á þingi um þeirra skoðanir á núverandi skattlagningu. Einnig er hægt að hafa beint samband við stjórnendur síðunnar gegnum skilaboð. Allar upplýsingar er að finna á https://www.facebook.com/raudiskatturinn/.

Áfram túrvæðingin og niður með lúxusskattin!

Nichole Leigh Mosty
leikskólastjóri

1. sæti
Reykjavík suður

Óttarr Proppé
þingmaður

1. sæti
Suðvestur

Theodóra S. Þorsteinsdóttir
formaður bæjarráðs
í Kópavogi

2. sæti
Suðvestur

Þórunn Pétursdóttir
landgræðsluvistfræðingur

2. sæti
Suðurkjördæmi

MEIRI BJARTA FRAMTÍÐ...

...minna fúsk

Vilt þú almannahagsmuni fram yfir sérhagsmuni? Þá skaltu kjósa Bjarta framtíð.

...minni okurvexti

Vilt þú hætta að borga húsnæðislánið þitt margfalt til baka? Þá skaltu kjósa Bjarta framtíð.

...minni hrútskýringar

Vilt þú að Alþingi verði ekki sveittur karlaklúbbur? Þá skaltu kjósa Bjarta framtíð.

...minni sóðaskap

Vilt þú að Íslendingar hætti að gefa skít í umhverfið? Þá skaltu kjósa Bjarta framtíð.

...minni einsleitni

Vilt þú fjölbreytt samfélag og manneskjulegar stofnanir? Þá skaltu kjósa Bjarta framtíð.

Björt Ólafsdóttir
þingkona

1. sæti
Reykjavík norður

Páll Valur Björnsson
þingmaður

1. sæti
Suðurkjördæmi

Eva Einarsdóttir
varaborgarfulltrúi
og varaformaður ÍTR

2. sæti
Reykjavík suður

Sigrún Gunnarsdóttir
formaður Krabbameinsfélags
Íslands og hjúkrunarfræðingur

2. sæti
Reykjavík norður

#ÉgKýs því við erum framtíðin

„Kynslóðin sem kýs ekki“

Inger Erla Thomsen skrifar

Undanfarin ár hefur Samband íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, unnið að undirbúningi skuggakosninga í framhaldsskólum ásamt Landssambandi æskulýðsfélaga, LÆF. Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2014 var kjörsókn eftir aldri, skrásett í fyrsta sinn. Niðurstöðurnar voru sláandi þar sem aðeins helmingur fólks undir 30 ára aldri sótti kjörstað. Kosningar eru lykillinn að lýðræði. Þegar kjörsókn er svona dræm virkar lykillinn ekki eins og hann á að gera. Þess vegna þurfum við að sinna okkar lýðræðislegu skyldu og mæta á kjörstað. Með dræmri þátttöku í kosningum erum við unga fólkið ekki virkir þátttakendur í lýðræðinu og til verður lýðræðislegur halli á milli kynslóða. Það ógnar bæði samfélagsstöðu ungu kynslóðarinnar og lýðræðinu í heild sinni. Það er því löngu tímabært að grípa í taumana.

„Við viljum auka lýðræðisvitund, skapa þekkingu um kosningahegðun ungs fólks og veita þeim rödd sem ekki hafa aldur til að kjósa,” segir Tinna Isebarn, framkvæmdastjóri LÆF, en hún er verkefnastjóri verkefnisins #ÉgKýs ásamt Hildi Björgvinsdóttur, framkvæmdastjóra SÍF. Þær hafa unnið hörðum höndum að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins #ÉgKýs sem er lýðræðisátak og felst í því að auka kosningaþátttöku og lýðræðisvitund ungs fólks. Rannsóknir hafa sýnt að ungt fólk kýs síður en eldra fólk og virðist sem það sé alþjóðlegt mynstur. Í nágrannaríkjunum hefur það sýnt sig og sannað að sambærileg verkefni #ÉgKýs hafa aukið lýðræðislega þátttöku ungs fólks og borið mikinn árangur. Við unga fólkið þurfum að gera okkur grein fyrir því að lýðræðið skiptir okkur máli, ef við viljum lifa í samfélagi sem byggist á okkar kröfum. Með því að kjósa ekki kýs einhver önnur kynslóð fyrir okkur. Tinna og Hildur segjast því vona að verkefnið og skuggakosningarnar beri árangur, að kjörsókn ungs fólks muni verða góð þann 29.október, svo lýðræðið fái að blómstra.

Til þess að sporna við dræmri þátttöku ungs fólks var haldin lýðræðisvika 10. – 13. október í 22 framhaldsskólum landsins sem endaði á skuggakosningum þann 13. október. Hver skóli hélt sína útgáfu af lýðræðisvikunni þar sem ýmist voru haldnar pallborðsumræður eða fulltrúum flokkana boðið að kynna stefnuskrár flokkanna í básum. Lýðræðisvikan virðist hafa haft góð áhrif, mæting og þátttaka nemenda og kennara í skólunum var til fyrirmyndar og umræður góðar. Það verður því áhugavert að sjá bæði kjörsókn og niðurstöður skuggakosninganna þegar þær verða gerðar opinberar eftir að kjörstöðum Alþingiskosninga hefur verið lokað þann 29. október.

Dræm þátttaka okkar unga fólksins í lýðræðinu er áhyggjuefni. Við vitum öll að hvert atkvæði skiptir máli og því verðum við að sýna áhuga á samfélagi okkar og framtíð þess. Við erum alin upp í vanþróuðu lýðræði þar sem eldri kynslóðirnar ráða. Þörf er á breytingu sem krefst þátttöku ungs fólks. Við, stór hluti þjóðarinnar, getum ekki setið þegjandi og hljóðlaust hjá. Mætum á kjörstað og sýnum hvað í okkur býr. Komum málefnum okkar í sviðsljós pólitískrar umræðu og látum í okkur heyra, rétti tíminn til þess er akkúrat núna. Kynnum okkur málin á egkys.is og kjósum eftir að taka upplýsta ákvörðun 29. október.



Ljósmynd/Jenný Mikaelsdóttir

Ljósmynd/Sara Þöll Finnbogadóttir

#ÉgKýs því mér er ekki sama

VIÐREISN

Opið og frjálslynt Ísland

> **„Jafnréttismál eru alvöru mál, við samþykkjum ekki kynbundinn launamun“**
>
> **Sigríður María Egilsdóttir**
> 5. sæti, Reykjavík suður

> **„Ég vil frjálslynt Alþingi sem hugsar í lausnum“**
>
> **Geir Finnsson**
> 4. sæti, Reykjavík suður

> **„Ég vil réttlátt og frjálslynt samfélag til frambúðar“**
>
> **Bjarni Halldór Janusson**
> 4. sæti, Suðvestur

> **„Ég vil að Ísland verði opið, frjálslynt og jafnréttissinnað samfélag - land tækifæranna“**
>
> **Sigrún Ingibjörg Gísladóttir**
> 3. sæti, Suðvestur

> **„Ég vil réttlátt samfélag og blómleg byggð um allt land“**
>
> **Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson**
> 5. sæti, Norðvestur

XC

Við ætlum að:

- Efla geðheilbrigðisþjónustu um land allt og auka aðgengi að sálfræðiþjónustu.
- Útrýma launamun kynjanna meðal annars með jafnlaunavottun.
- Bæta úr fjársvelti í menntakerfinu.
- Auðvelda fyrstu kaup á húsnæði og lækka vaxtakostnað með raunhæfri leið.

VIÐREISN | Ármúla 42, 108 Reykjavík | S: 415-3700 | www.vidreisn.is

ALMANNAHAGSMUNIR FRAMAR SÉRHAGSMUNUM

Ísland nær lengra en 101

Sigríður Alma Axelsdóttir skrifar

Á Íslandi eru yfir 30 skólar sem bjóða upp á nám á framhaldsskólasstigi. Það er ekki bara einn skóli á landinu. Við sem sækjum í skólana á höfuðborgarsvæðinu eigum það til að sjá ekki út fyrir höfuðborgarmörkin. Reykjavík er okkar heimur, og því ætti hann að vera heimur allra framhaldsskólanema landsins. Sem er ekki raunin. Ísland er stærra en bara Reykjavík. Við lifum okkar lífi í okkar bæjarfélagi og höfum mismunandi sýn á Íslandi. Og hvernig við upplifum menntaskólaárin okkar.

Við hvetjum fólk um allt land til að senda inn greinar, myndir o.s.frv. Hvort sem þú ert frá norðri, suðri, austri eða vestri, þá er þér ávallt velkomið að senda inn efni og vera hluti af framhaldsskólablaðinu.

Fegursti dalur landsins?

Katla Dögg Traustadóttir skrifar

Það að alast upp á stað sem Svarfaðardal eru forréttindi. Náttúrufegurðin og nálægðin við sjóinn og fjöllin gerir hverjum manni gott, sem og kyrrðin og friðurinn sem hvílir yfir dalnum og víkinni. Fyrir nokkrum árum heyrði ég það í útvarpinu að Svarfaðardalur hefði verið kosinn fegursti dalur landsins og síðan þá hef ég nýtt hvert tækifæri til að auglýsa þá staðreynd.Það að stór hópur landsmanna væri sammála mér, sem og öðrum Svarfdælingum, um þetta mál fyllti mig stolti sem líkast til mun lifa með mér út ævina, enda mun ekki nokkur geta véfengt þetta svo lengi sem land byggist. Filippía Kristjánsdóttir orti eitt sinn um Svarfaðardal: „Hann er öndvegi íslenskra dala“, sem að sjálfsögðu eru mestu sannindi í íslenskri ljóðlist. Ég veit ekki hvort þessar staðhæfingar segi meira um fegurð og ágæti Svarfaðardals eða ást mína á heimaslóðunum, en mér er nokkuð sama.

Það eina mikilvæga sem nokkur þarf að vita um mig er þetta þrennt: ég á 18 Harry Potter bækur, mig langar meira en allt í geitur og ég er Svarfdælingur. En ég get svo sem haldið áfram. Ég er á þriðja ári í Menntaskólanum á Akureyri, svamlandi í þeim ólgusjó hipstera, snobbhænsna, gáfnaljósa, djammara, nörda og furðufugla sem sú merka menntastofnun er. Virka daga keyri ég gamla Subaru-inn hans afa míns heitins til og frá skóla, 40 mínútur hvora leið. Ég mjólka kýr öll sumur og stöku kvöld með skóla. Ég eyði að meðaltali 8 klukkutímum á viku í að laga til í eldhúsinu. Um helgar forðast ég það í lengstu lög að þurfa að fara af bæ, hvað þá til Akureyrar. Á laugardagskvöldum ligg ég í rúminu og horfi á YouTube. Seint á sumrin skrepp ég til sjós á elstu sjófæru trillu við Eyjafjörð og þótt víðar væri leitað.

Það merkilegasta sem ég lærði í sumar var að höfuðborgarbúar segjast vera að „fara í bæinn“ þegar þeir eru á heimleið, í stað þess að „fara suður“ eins og við gerum hér á norðurlandinu, en það að „fara í bæinn“ er að fara til Akureyrar hér í sveit. Nú þekkið þið mig orðið vel.

Auðvitað finnst mér borgin hafa upp á margt gott að bjóða. Nokkrum sinnum á ári hverju fer ég suður í Hafnarfjörðinn, dandalast í Kringlunni eða Smáralindinni, reyni af miklum mætti að eyða ekki aleigunni í Nexus og Eymundsson, fer kannski í leikhús eða bíó og hristi höfuðið reglulega yfir því hvernig nokkur getur búið í þessari mannmergð. En eftir helgardvöl hef ég yfirleitt fengið minn skammt af iðandi borginni í bili og held aftur heim, á vit snjóþunga og harðmæltra Norðlendinga.

Umkringd fjöllunum með fossniðinn í eyrunum líður mér best.

Ákveðin stefna

Erla Marý Sigurpálsdóttir skrifar

Ég á heima á Ólafsfirði og hef búið þar alla mína ævi. Frá því ég man eftir mér hef ég tekið þátt í nánast öllum íþróttum sem eru í boði á Ólafsfirði og haft gríðarlegan áhuga á íþróttum yfirhöfuð. Þess vegna sótti ég um að fara á íþróttabraut í MTR, Menntaskólanum á Tröllaskaga.

Það eru margir áhugaverðir áfangar í boði í skólanum, þannig stundataflan mín er alltaf full og þar að auki er ég oft á golf og skíða æfingum, og mótum, svo það er nóg að gera í þessum litla bæ.

Þegar ég valdi áfanga fyrir þessa önn skráði ég mig í alla þá áfanga sem ég átti eftir að taka og nokkra auka valáfanga, nema einn. Ég gerði það í þeim tilgangi að útskrifast ekki strax, því planið var að útskrifast á þremur árum fremur en tveimur og hálfu ári.

Fyrir stuttu komst ég að því að ég væri komin með þær einingar sem ég þyrfti til að útskrifast, svo mér var gefinn sá kostur að útskrifast um jólin í stað þess að útskrifast í maí eins og áætlað var. Eftir miklar pælingar hef ég ákveðið að halda plani og vera hálft ár í viðbót. Ástæðan er sú að mér þykir skólalífið svo gott. Ég legg ekki í það að henda mér út í kaldan raunveruleikann eftir menntaskóla, ný orðin 18 ára, og vinna í hálft ár áður en ég byrja í Háskóla. Svo ég hef ákveðið að taka einhverja auka áfanga sem styrkja stúdentsprófið mitt og mér til skemmtunar, eins og söng-, list- og ljósmyndunaráfanga.

Mér þykir mjög vænt um MTR. Ég hef lært mjög mikið og gert margt fjölbreytt og skemmtilegt, eins og að fara með skólanum til Danmerkur og Spánar. Í fjáröflun okkar fyrir Spánarferðinni syntum við yfir sjóinn í firðinum. Í skólanum lærum við skyndi- og fyrstu hjálp, að kenna börnum og svo prófum við margar nýjar, fjölbreyttar íþróttir. Á íþróttabraut er líka útivistaráfangi, þar sem er meðal annars farið í gistiferðir upp á fjöll, í Héðinsfirði o.s.frv. Við förum oft í sjósund, þótt það sé snjór. En ofantalið er aðeins brot af því sem við gerum.

Ég held að ég sé ekki tilbúin að kveðja skólann og yfirgefa þessa skemmtun. Þrátt fyrir að Ólafsfjörður sé lítill bær og flestir segi að það sé lítið um að vera, flytja jafnvel burt, þá þykir mér þetta ósköp huggulegt.



Sveitin mín

Ástrún Helga Jónsdóttir skrifar

Í Ísafjarðardjúpi er Skjaldfannardalur og í honum eru fjögur lítil býli. Í gegnum dalinn liggur Selá frá Drangajökli og hún skilur að jarðirnar tvær. Laugaland, Laugarholt og Laugarás liggja sunnan megin við ánna og á því landi eignaðist ég einhverjar af mínum fallegustu æskuminningum.

Frá því að ég man eftir mér og fram til tíu ára aldurs varði ég sumrum mínum í sveitinni hjá ömmu. Þar búa líka bróðir mömmu og fjölskylda hans, þar með talið fænka mín og frændi. Á hverju sumri fórum við litli bróðir minn vestur og upplifðum ævintýri með frændsystkinum okkar. Við gerðum hina ótrúlegustu hluti saman. Við spunnum upp heilu leikritin og æfðum þau vel og vandlega, svo sýndum við hinu heimilisfólkinu þau. Ég man hvað við vorum alltaf stolt af afrakstrinum.

Við áttum líka svokallað bú þar sem fórum með fullt af gömlum pottum, pönnum og öðru heimilisdóti og settum upp eldunaraðstöðu. Þar urðu til alls konar súpur, innihaldsefnin voru yfirleitt bara grös og ber úr náttúrunni í kringum okkur - já og vatn úr læknum, og brauðhleifar úr drullu sem við vorum sem betur fer ekki nógu vitlaus til að borða.

Á hverju sumri var að minnsta kosti einn heimalingur sem við tókum að okkur og elskuðum, en heimalingur er lamb sem móðirin vill ekki, hún yfirleitt afneitar því, velur systkini þess frekar og vanrækir það. Kassandra, Dís og Blár eru mín uppáhöld. Blár varð ótrúlega háður okkur og fylgdi okkur hvert sem er, hvort sem það var upp á fjall eða í heitu sundlaugina sem er við Laugarás. Hann fylgdi hundunum og lærði af þeim, hann jafnvel pissaði eins og hundur!

Með aldrinum fylgja skyldur, ég fór að æfa fótbolta og þá fóru sumrin í það. Í vetrar- og páskafríum var maður oft að læra eða að gera annað með vinunum úr bænum. Tíminn sem gafst í sveitina varð því smátt og smátt minni. Í dag hef ég aðeins tíma til að fara þangað um eina og eina helgi og í mesta lagi í páskafríum, því það er langt að keyra vestur og átján ára einstaklingur hefur nóg með sínar skyldur hér í Reykjavík við vinnu, félagslíf og skóla.

Það er alls ekki leiðinlegt að hafa nóg að gera og ég geri mér grein fyrir að þetta er eðlileg þróun. Ég er heppin að hafa fengið að upplifa sveit í æsku og ég veit að fæstir jafnaldrar mínir úr Reykjavík þekkja þetta eða skilja. Ég er ævinlega þakklát fyrir að hafa fengið að upplifa íslenska náttúru á þennan hátt og fallegustu minningarnar mínar eru söngur með ömmu við pönnukökuilm inni í eldhúsi, busl í lækjum og tærum tjörnum og frelsistilfinningin á harðastökki á hestbaki.



Ung list á Akureyri

Viktoría Sól Birgisdóttir skrifar

Í miðbæ Reykjavíkur er mikið af skapandi ungu fólki. Rétt eins og þar er mikið af ungu listafólk annars staðar á landinu. Karólína Rós Ólafsdóttir og Úlfur Logason eru ungir listamenn frá Akureyri. Karólína er í Menntaskólanum á Akureyri á félagsfræðikjörsviði og Úlfur útskrifaðist af listnámsbraut í VMA í vor og er nú nýbyrjaður að læra mála í Düsseldorf.

Bæði eru þau alin upp af miklu listafólki og áhuginn því ekki nýtilkominn, þau segja hann nánast óhjákvæmilegan. Faðir Karólínu er listamaður og faðir Úlfs arkitekt, afi hans málari og móðir hans flautuleikari, hann grínast með að það hafi verið mynd af Louis Khan yfir vöggunni hans sem barn. Karólína segir áhugann þó ekki vera þvingaðan en auðvelt var að rækta hann, myndir á öllum veggjum og penslar útum allt.

„Lattelepjandi lopatreflarnir í 101"

Aðspurð út í aðstöðu á Akureyri og fyrirmyndir í nærumhverfi segja þau aðstöðuna góða svona miðað við stærð bæjarins og að ekki sé skortur á fyrirmyndum. Úlfur segir kennarana á listnámsbrautinni í VMA hafa haft mikil áhrif og segir að ef ekki væri fyrir verknám á Akureyri væri hann líklegast ekki með stúdentspróf. Einnig talar hann vel um Joris Rademaker og Stefán Boulter sem hafa kennt honum flest allt sem hann kann í olíumálun, sem er í miklu uppáhaldi hjá honum. Hvað varðar aðstöðu segir hann hana aldrei geta orðið eins og í Reykjavík eða stærri borgum án fólksfjölgunar nema kannski hægt væri að koma í kring byggðarstefnu að fyrirmynd Rauðu Khmerana en lattelepjandi lopatreflarnir í 101 vilja auðvitað ekkert svoleiðis.

Karólína segir að hægt sé að skapa sér tækifæri á hinum ýmsu stöðum og nefnir þar Kaktus gallerí í Listargilinu, Mjólkurbúðina, Deigluna og sal Myndlistafélagsins sem einnig eru staðsett í Listagilinu. Hún sjálf hefur aðstöðu hjá föður sínum en hann er hennar helsta fyrirmynd og hjálparhönd. Nýlega hefur hann kynnt fyrir henni tréristun sem hún er nú að fikta við og þykir henni það einstaklega skemmtilegur miðill. Karólína nefnir einnig Myndlistaskólann á Akureyri, að þar séu frábærir kennarar sem vissulega hafi kennt henni margt og nefnir þar helst Rannveigu Helgadóttur.

Hugmyndir verða ekki til í tómarúmi

Karólína og Úlfur hafa lengi þekkst og unnið nokkuð saman. Bæði hafa þau tekið þátt í samsýningum ásamt öðru ungu efnilegu fólki á Akureyri og gert myndir saman. Úlfur telur það mikilvægt að eiga vini með sömu áhugamál til að ræða við um það sem maður er að gera, hugmyndir verða ekki til í tómarúmi. Karólína telur það einnig geta haft rosalega góð áhrif að fá ábendingar eða spurningar um það sem maður er að gera til að geta þróað það og bætt en ekki þurfi þó skilyrðislaust að fara eftir áliti annara, maður finnur hvað virkar fyrir sig.

Hvað varðar innblástur talar Úlfur um það að innblásturinn sé ekki hægt að fá í hefðbundnu samhengi. Hann telur það að skapa listaverk sé rétt eins og önnur vinna og nefnir arkitektinn Sverre Fehn sem eitt sinn sagðist vera viss um að vera að gera gott þegar hann gerði eitthvað sem féll ekki að hans smekk. Þannig vill Úlfur vinna, hann hugsar ekki hver innblásturinn sé heldur hvað er gott eða slæmt - eða satt.

Að lokum eru þau þó sammála um að Döner sárvanti á Akueryri, Karólína segir ekki þörf á fimmtán ísbúðum ef hægt er að fá Döner og Falafel og Úlfi finnst það varla mönnum bjóðandi að ekki sé hægt að kaupa Döner eftir djammið.

1.

2.

3.

4.

5.

1. Karólína Rós

2. Úlfur

3. Skissa er eftir Karólínu

4. Olíumynd eftir Úlf

5. Verk eftir þau bæði *samverk*

KENNARAMAT:

Hvernig á að afhjúpa vanhæfa kennara, uppræta einelti gegn nemendum og bæta kennslu?

Sara Mansour skrifar



Nám á að vera samvinna milli kennara og nemenda. Takmark menntunar er að miðla þekkingu milli kynslóða og sömuleiðis bæta við viskubrunn mannkynsins. En stundum, og þá sérstaklega á yngri skólastigum, ríkir mikið valdaójafnvægi milli kennara og nemenda. Það bætist ofan á misréttið sem er oft þegar til staðar milli fullorðinna og barna. Samanlagt skapar þetta hættulegan vettvang fyrir kennara til þess að misnota vald sitt og gera skóladvöl barnanna mun erfiðari en ella.

Það eru réttindi barna og unglinga að njóta menntunar án þess að finna fyrir ótta. Jafnframt eiga þau rétt á að á þau sé hlustað og þau hafi tækifæri til þess að hafa áhrif á eigið umhverfi. Kennaramat er sniðug leið til þess að tryggja þetta. Dæmi: Einu sinni til tvisvar á ári fá nemendur senda rafrænan lista sem þau geta fyllt út ásamt forráðamönnum. Ef eitthvað liggur þeim á hjarta, þá myndi það líta dagsins ljós. Skólastjórnendur skoða síðan matsblöðin og ákvarða hvort eitthvað sé ekki eins og það á að vera. Kennaramat er einfalt í framkvæmd og skilar árangri.

Mörgum gæti þótt þetta slæm hugmynd. Kennaramat ógnar vissulega allsráðandi stöðu kennarans og neyðir menntakerfið til þess að horfast í augu við brotin sem eiga sér stað innan veggja skólanna. En þetta er mjög órökrétt gagnrýni vegna þess að langflestir kennarar hafa ekkert að óttast - langflestir kennarar sinna starfi sínu af miklum heilindum og koma fram við nemendur af virðingu. Algengustu mótrökin eru eitthvað á borð við „en ef nemandi hefur eitthvað á móti ákveðnum kennara, vill til dæmis hefna sín fyrir lága einkunn á verkefni, og notar kennaramatið sem vopn gegn mannorði hans?“ Satt best að segja er mjög ólíklegt að það hafi nokkur áhrif. Ein og ein slæm ummæli eru ekki nóg til þess að véfengja hæfni kennara. Hins vegar hlýtur það að vera skylda skólastjórnenda að taka mark á sí endurteknum kvörtunum ár eftir ár. Einnig er vert að spyrja sjálfan sig af hverju það er alltaf gert ráð fyrir að börn séu að ljúga? Af hverju þarf einstaklingur að vera fullorðinn til þess að upplifanir sínar teljist gildar?

Í lang flestum skólum fyrirfinnst að minnsta kosti einn kennari sem enginn skilur af hverju er enn að störfum. Það er kennarinn sem sýnir óviðeigandi hegðun aftur og aftur án nokkurra afleiðinga. Sumir þeirra eru fastráðnir, af því að þeir hafa unnið svo lengi. Það hefði verið hægt að koma í veg fyrir slíkt með áðurnefndum aðferðum. Allt sem nemendur senda frá sér er metið og dæmt af kennurum – og það tekið gott og gilt – en hingað til hefur það ekki tíðkast að börn fái vettvang til að geta trúað öðrum fullorðnum fyrir því sem fer fram innan skólastofunnar.

Kennaramat hefur verið tekið upp í tilraunaskyni víða um heim. Má þar helst nefna breska framhaldsskóla. Ekki er nóg með að þetta hafi skapað aukna nánd og vellíðan í tilgreindum skólum, heldur hefur námið batnað. Kennaramat er nefnilega ekki bara til þess að benda á galla kennarans. Nemendur geta líka tjáð hvað þeim finnst jákvætt í fari hans og gott þegar kemur að kennslunni. Almennt vilja kennarar vita á hvaða sviðum þeir geta bætt sig og kennaramat er fullkominn vettvangur fyrir það.

Það hagnast því allir á að taka upp kennaramat í skólum. Það eykur gagnkvæma virðingu og bætir starf skólans í heild. Það gefur nemendum kost á að segja frá ef á þeim er brotið og kennurum tækifæri til þess að betrumbæta sig í starfi. Kennaramat kemur ekki að neinni sök fyrir þá kennara sem hafa ekkert að fela.

Una 3. sæti

Iðunn 4. sæti



Daníel 3.sæti



Þóra Geirlaug , 5. sæti

Rúnar 4. sæti



Sigríður Þórunn 7. sæti

UNGT FÓLK TIL ÁHRIFA

UVG

Valgerður Bláklukka 5. sæti

Ugla Stefanía 5. sæti



Gyða Dröfn 8. sæti

Sindri Geir 9. sæti

Hjördís Helga 8. sæti

Gísli 4. sæti

Hverjum treystir þú?

VINSTRI GRÆN

Frelsi

þessir ljósastaurar
eru dásamlega dæmigert
yrkisefni

ég og þeir
köstum stundum
gulum klessum
(saman)
á götur borgarinnar
í skjóli nætur

forskot mitt felst í því að ég
get líka pissað heima

Bjarni Daníel

Skammdegi

Snjórinn hylur
litrík þök miðbæjarins,
dimmir vetrardagar
soga í sig
liti hversdagsleikans.

Eva Dröfn H. Guðmundsdóttir

Tár

Á miðju dansgólfi á Húrra, stend ég með lokuð augun í eigin heimi. Ég er sólin; fólkið sem dansar í kringum mig er sólkerfið mitt.

Ég er sólin, ég er sólin, ég er sólin; síminn minn titrar.

Ég verð aftur berskjölduð manneskja sem stendur á miðju dansgólfi, með símann í hendinni sem sýnir að hann sé að hringja. Í fyrsta skiptið í kvöld en ekki það síðasta, því það er föstudagur og hann er í glasi eins og alla föstudaga. Ég skelli á, vil njóta þess að vera sólin aðeins lengur, áður en hann nær að slökkva á geislum kvöldsins.

Vatnsþyrst geng ég að barnum. Ég sé saltkorns leyfar eftir fólk sem hefur tekið skot og misst saltkorn yfir barborðið, gengið síðan rakleiðis inn á dansgólfið sem áður var sólkerfið mitt. Barþjónninn þurrkar saltkornin burt, eins og hann á eftir að gera seinna í kvöld þegar saltkorn í vökvaformi leka niður kynnina mína. Ég horfi á lífið í kringum mig, fólk á leiðinni út og hann á leiðinni inn. Það kemur mér ekkert á óvart, hann kemur á Húrra öll föstudagskvöld í leit að mér.

Eitt sinn áttum við okkar eigin heim, en nú hringsólum við í kringum hvort annað. Hann byrjar að öskra og þá lekur fyrsta tárið.

Grátur og tár í draumi er fyrir mikilli og einlægri gleði í vöku. Því meira sem táraflóðið er því meira mun fögnuðurinn verða. En þetta er ekki draumur.

Aðrir hafa tekið eftir öskrum okkar og tárum. Þau ganga að okkur og spurja hvort það sé ekki allt í lagi og ég segi hreint út nei. Ég segist ekki þekkja hann, sem er satt. Ég þekkti hann einu sinni, en núna er hann allt önnur manneskja.

Dyra-verðirnir draga hann út og reiðin hans logar eins og geislarnir mínu gerðu þegar ég var sólin.

Svo virðist að með tárunum sem fylgja gráti sé líkaminn að losa sig við streituvaldandi efni og losi þannig um spennu. En einnig hefur verið bent á að tárin séu leið til þess að hafa samskipti og tjá tilfinningar. Í mínu tilviki er það sjokk, hræðsla og sorg.

Ég stend eftir ein og græt. Barþjónninn gengur að mér og heldur utan um mig, þurrkar saltkornin af kynninni minni. Ég þekki hann ekki nógu vel til þess að opna mig og segja honum hvað liggur mér á hjarta, en nógu vel til þess að hann sé með símanúmerið mitt frá því nokkrum kvöldum áður. Faðmur barþjónsins er svo einstaklega hlýlegur fyrir stúlku sem er einstaklega lítil í sér, svo ég leyfi mér að brotna niður í faðmi hans. Venjulega myndi ég streitast á móti því ég er ekki mikið fyrir faðmlög. Ég er ekki mikið fyrir að hleypa fólki inn í líf mitt.

En í faðmi hans hugsa ég ekki, heldur brotna.

Ég græt alla nóttina, eins og hann gerir líka. Loginn sem eitt sinn brann í æðum okkar fyrir hvor öðru er horfinn. Tárin hafa slökkt á honum.

Við grátum, því við getum ekki leyft tímanum að breyta sambandi okkar í minningu.

Það er erfiðara en ég hélt að breyta manneskju í minningu.

Nafnlaust

D

Á réttri leið

Nýtt námsstyrkjakerfi

Við ætlum að koma á námsstyrkjakerfi að Norrænni fyrirmynd í stað gamla kerfisins. Þar sem stúdentar og iðnnemar fá 65.000 kr. í styrk á mánuði og full framfærsla er tryggð. Um þetta lögðum við fram frumvarp, sem stúdentar studdu en stjórnarandstaðan stoppaði. Með þínum stuðningi klárum við það næst.

- 65 .000 kr. námsstyrkur fyrir alla í styrkhæfu námi
- Lán og námsstyrkur greiddur fyrirfram
- Minni skuldsetning
- Lægri greiðslubyrði

KFC

Gefum allan október

500 krónur *af hverri seldri bleikri fötu renna til Bleiku slaufunnar.*

BLEIKA FATAN

6 bitar af klassískum kjúklingabitum og franskar, til að taka með eða borða á staðnum.

2.490 KR.

SVOOO GOTT

PIPAR\TBWA • SÍA • 164349

Framhaldsskólablaðið
september 2016 • blað 01

Textar Megasar málaðir á striga

Sólrún Freyja Sen skrifar

Ég fór á myndlistarsýninguna Áhrif sem var haldin í Perlunni helgina 23.-25. september, hjá hinum unga listamanni Sigurði Sævari. Hann er búinn að vera að mála síðan hann var 10 ára gamall og halda sýningar frá því að hann var aðeins 13 ára. Málverkin á sýningunni eru innblásin af textum Megasar. Það er nú ekki verra að eiga fallega mynd af uppáhalds laginu sínu! Hann var búinn að vinna að sýningunni í 2 ár en sýningin samanstóð af 30 olíumálverkum, öll 100x80 sentimetrar að stærð. „Þetta er búið að vera mikil vinna," segir Sigurður mér. „Það var í janúar 2015 sem þessi hugmynd kviknaði að vinna með texta Megasar í málverkum og halda síðan sýningu. Ég byrjaði að lesa textana og skissa upp, það var svo um sumarið sem ég byrjaði að mála myndirnar. Ég vildi hafa verkin öll í sömu stærð til að skapa ákveðna heild, svo er 100x80 líka svo skemmtileg stærð." Það var troðfullur salur þegar sýningin opnaði. Gunnar Hrafnsson var með tónlistaratriði, Ágústa Eva tók lagið, svo sungu þau Ágústa og Sigurður saman. Þegar fjölmennast var á sýningunni hafa verið um 500 manns þar inni, svo var að sjálfsögðu búið að vera stöðugt streymi ferðamanna.

Sigurður var aðeins 10 ára gamall þegar hann ákvað að hann ætlaði sér að gerast myndlistamaður.

„Systir mín gaf mér málningu, pensla og striga í afmælisgjöf. Þá byrjaði ég að mála og hef ekki stoppað síðan. Ég hélt svo mína fyrstu einkasýningu 13 ára gamall! Það var í samstarfi við Simma og Jóa á Hamborgarafabrikkunni á Menningarnótt 2011 í Glerskálanum á Höfðatorgi." Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar hjá Sigurði. Hann sagði mér hvað hann vildi gera eftir sýninguna, en sýningarnar verða eflaust mikið fleiri, ef við gefum hæfileikum einhvern gaum. „Það er alltaf hægt að koma í heimsókn á vinnustofuna mína, skoða verk, panta eða kaupa... Síðan stefni ég á að hafa litla jólasýningu. Þá verða minni verk til sýnis fyrir þá sem hafa kannski ekki efni á eða pláss fyrir stærri verk eins og á þessari sýningu. Ég stefni svo á að halda stóra sýningu í september 2017 til að fagna 10 ára myndlistarafmæli."

Ég labbaði svo um og skoðaði myndirnar. Þær eru allar mjög fallegar í skemmtilegum litum og stíl, enda var helmingur verkanna þegar seldur að sýningu lokinni.

Það var gaman að fá að fjalla um Áhrif og verður eflaust líka gaman að fá að fylgjast með Sigurði í framtíðinni.

Titill þessa verks er Napóleon á Arnarhóli og vísað er í lag Megasar Napóleon Bekk. Hann virðist ekki vera í alveg nógu góðu skapi, Napóleon greyið. Kannski er hann ekki enn búinn að jafna sig eftir Rússana.

Þetta verk heitir Græni kjóllinn og var reyndar ekki hluti af Megas-seríunni. Þetta er hinsvegar hin skemmtilegasta mynd, það er greinilegt að það vantar ekkert uppá sköpunargáfuna hjá Sigurði Sævari.

Heiti þessarar myndar er Vinur dragðu mig upp eins og eitt lag eftir Megas. Nei það virðist ekki vera nógu gott veður til að skella sér í sund úti í læk á þessari mynd, þá er gott að eiga vini til að hjálpa sér upp úr.

Þessi mynd heitir Vordraumar og vísar í lagið Ekkert er andstyggilegra eftir Megas. Það er ekki langt í að Esjan hverfi undan snjó, þá er gott að geta horft á þessa mynd til að minna sig á að það verður ekki alltaf kalt, er það ekki?

KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



Available on the App Store

GET IT ON Google play

VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út.
Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk

Framhaldsskólablaðið
september 2016 • blað 01

Myndir/Jenný Mikaelsdóttir

Svört mótmæli

Eva María Ingvadóttir skrifar

Hverju var verið að mótmæla?

Hertri fóstureyðinga löggjöf í Póllandi sem lögð var fram af samtökunum Ordo Iuris og bar yfirskriftina „Stoppum fóstureyðingar“ („Stop Aborcji“). Eins og yfirskriftin gefur til kynna var markmið löggjafarinnar að banna fóstureyðingar með öllu. Þar sem Ordo Iuris tókst að safna yfir 100.000 undirskriftum þurfti að taka löggjöfina fyrir í þingnefnd og seinna á þingi samkvæmt pólskum lögum.

Fóstureyðingalögin sem eru í gildi núna voru samþykkt árið 1993. Samkvæmt þeim má framkvæma fóstureyðingu:
a) ef líf móður er í hættu
b) ef fóstrið er alvarlega vanskapað
c) ef þungun bar að með saknæmlegum hætti (t.d. í tilfelli nauðgana)

Berum þetta sem snöggvast við íslensku lögin frá 1975. Á Íslandi getur kona óskað eftir fóstureyðingu á grundvelli:
a) félagslegra ástæðna (t.d. ef hún hefur átt mörg börn með stuttu millibili, býr við slæmar heimilisaðstæður, o.fl.)
b) læknisfræðilegra ástæðna (t.d. ef meðgangan og eða fæðingin getur haft neikvæð áhrif á líkamlega eða andlegu heilsu hennar eða ef fóstrið er vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi)
c) refsiverðs atferlis (þ.e. ef hún varð þunguð eftir nauðgun)

Íslensku lögin taka tillit til félagslegra þátta sem þau (núverandi) pólsku sniðganga alveg. Með þessu er pólska ríkið að segja: „Okkur er sama þótt konan lifi við ófullnægjandi aðstæður, þótt hún sjái fyrir mörgum börnum eða þótt hún glími við andlegan eða líkamlegan sjúkdóm.” Pólska fóstureyðinga löggjöfin er því, nú þegar, mjög ströng.

Pólski stjórnarflokkurinn Lög og réttur („Prawo i Sprawiedliwosc“ - PIS) studdi tillögu Ordo Iuris heils hugar. PIS er þjóðernissinnaður og trúrækinn hægriflokkur eins og þeir gerast bestir. Hann er rödd kaþólsku kirkjunnar á þingi og heldur fast í gamlar hefðir. Ordo Iuris og stuðningsmenn samtakanna líta á frjóvgaða eggfrumu sem barn. Þeir greina ekki á milli fósturvísis, fósturs og barns og því líta þeir á fóstureyðingar sem morð. Og þar sem morð er glæpur ætti fóstureyðingin að vera það líka, samkvæmt þeim.

Afhverju er þetta mikilvægt?

Nýja löggjöfin var aðför strangtrúaða þegna lýðræðislegs ríkis að kvenréttindum og þar með mannréttindum. Hún var aðför að réttinum til að hafa val, til að ráða yfir eigin líkama. Stuðningsmenn- og konur tillögunnar kalla sig „pro-life“. Við hin erum samkvæmt þeim „pro-death“. Hins vegar væri réttara að segja að við séum „pro-choice“. Við lítum ekki á fóstureyðingar sem getnaðarvörn. Við lítum ekki á fóstureyðingar sem „quick-fix“. Við lítum hins vegar á fóstureyðingar sem hluta af því að hafa val. Að hafa val er ómetanlegt og valið er okkar. Valið er það sem greinir okkur frá einræðisríkjum, lögregluríkjum, og stjórnarformum þar sem einstaklingurinn er beygður undir lífssýn fárra og gert að fara eftir fyrirfram ákveðinni, oft trúarlegri, hugmyndafræði.

Hver var útkoma mótmælanna?

Pólskar konur (og menn!) lögðu niður störf og flykktust út á götur pólskra borga þann 3. október síðastliðinn í þúsunda tali til að mótmæla löggjöfinni. Mótmælendur klæddust svörtu og báru skilti í mígandi rigningu. Ég og aðrir sem búum á Íslandi sátum límd fyrir framan tölvuskjáinn á meðan. Eða kannski helst ég – vinkonur mínar og kunningjar í Reykjavík söfnuðust saman á Austurvelli og mótmæltu þar. Og það var mótmælt víðar um heim – á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum og Ástralíu. Samheldnin þennan dag var ótrúleg og stuðningurinn sem við fengum frá íslenskum kynsystrum okkar var, er og hefur verið ómetanleg.

Viti menn, pólska þingnefndin felldi tillöguna og í kjölfarið felldi pólska þingið hana líka. Mótmælin skiluðu sínu – kraftur fjöldans hafði áhrif. Það er hins vegar aldrei að vita hvað stjórnarflokkarnir og/eða samtökin gera næst.

Skipuleggendur

1. **Donata Honkowicz Bukowska, Reykjavík**
   Kennari.
2. **Eva María Ingvadóttir,**
   Akureyri ráðgjafi og rannsóknatæknir.
3. **Justyna Grosel, Reykjavík.**
   Grafískur hönnuður og blaðakona.
4. **Katarzyna Rabeda, Reykjavík.**
   Kennari.
5. **Marta Niebieszczanska, Reykjavík.**
   Ljósmyndari og blaðakona

Ræðurnar frá samstöðumótmælunum á Austurvelli þann 3. október:

Kæru vinkonur og vinir,

Við erum samankomin hér í dag til að sýna samstöðu með þeim sem mótmæla í Póllandi í dag.

Við erum komin með nóg! Við mótmælum lögum, sem breyta konum í hitakassa.

Núverandi lög í Póllandi heimila fóstureyðingu í þremur tilvikum: ef þungun er afleiðing nauðgunar/sifjaspella, ef líf og heilsa móður er í hættu og ef rannsóknir sýna að fóstur er ekki lífvænlegt.

Núverandi löggjöf er ein af þeim ströngustu í Evrópu. Nýja löggjöfin, sem nú liggur fyrir pólska þinginu, gerir ráð fyrir algjöru banni. Konur sem verða þungaðar í kjölfar nauðgunar, munu neyðast til að ganga með og fæða barnið. Konur munu neyðast til að ganga með og fæða börn með alvarlega fósturgalla sem eiga sér enga lífsvon. Konur sem upplifa erfiða meðgöngu munu ekki fá nauðsynlega hjálp. Konur, sem missa fóstur, munu eiga hættu á að vera dæmdar til fangelsisvistar. Læknar munu hugsa sig tvisvar um áður en þeir framkvæma fósturgreiningar því þeir munu eiga hættu á að vera kærðir. Glasafrjóvgun verður bönnuð. Unnið verður að því að takmarka aðgengi að getnaðarvörnum.

Það eru varla hundrað ár liðin frá því að pólskar konur fengu kosningarétt og baráttunni fyrir mannréttindum er hvergi lokið – sönnun þess eru mótmælin okkar hér í dag. Íslenskar konur hafa sýnt okkur, að það borgar sig að berjast fyrir réttindum sínum. Þið eruð okkur hvatning.

Við MÓTMÆLUM ómannúðlegum lögum sem eiga ekki erindi í lýðræðisríkinu Póllandi. Takk fyrir að koma. Takk fyrir að styðja okkur. Takk fyrir að deila upplýsingum.

Takk fyrir að gefa okkur styrk!

Drodzy zgromadzeni!

Spotkaliśmy się w centrum Reykjaviku, żeby pokazać naszą solidarność z protestującymi w Polsce.

Mamy dość mydlenia oczu! Mówimy nie prawu, które sprowadza kobietę do roli inkubatora.

Obecne prawo w Polsce dopuszcza akt aborcji w trzech przypadkach: kiedy do ciąży doszło w akcie przemocy, kiedy zagrożone jest życie i zdrowie matki, kiedy badania prenatalne lub inne przesłanki medyczne wskazują na ciężkie i nieodwracalne uszkodzenie płodu.

I jest ono jednym z najbardziej restrykcyjnych praw aborcyjnych w Europie.

Nowa ustawa, która przeszła pierwsze czytanie w polskim parlamencie, w dramatycny sposób blokuje przewanie ciąży lub zabrania go!

W konsekwencji tej ustawy matka, ktora stracila dziecko w wyniku poronienia, narazona bedzie na udzial w postepowaniu karnym majacym na celu wyjasnienie przyczyn poronienia. A takze na kare wiezienia, jezeli ustalone zostanie, ze doprowadzila do niego umyslnie.

W konsekwencji tej ustawy zgwalcona dziewczynka, zgwalcona kobieta bedzie musiala nosic pod sercem i urodzic dziecko gwalciciela.

W konsekwencji tej ustawy kobiety mogą być zmuszone beda do donoszenia i urodzenia dzieci, ktore nie maja szans na przezycie i umra tuz po narodzinach lub po kilkudniowej agonii.

W konsekwencji nowej ustawy kobieta w zagrożonej ciąży dopiero będąc na granicy śmierci otrzyma pomoc medyczną.

W konsekwencji nowej ustawy lekarz będzie wątpił w konieczność wykonania badań prenatalnych, ponieważ może zostać oskarżony o umyślne spowodowanie śmierci dziecka poczętego.

W konsekwencji nowej ustawy niemożliwe bedzie in vitro w Polsce.

W konsekwencji nowej ustawy podejmowane będą dalsze działania w celu ograniczenia dostępu do środków antykoncepcyjnych, czy rozwiązań współczesnej medycyny.

Nie minęło jeszcze sto lat odkąd kobiety uznane zostały w Polsce za godne praw wyborczych, ale walka o godność człowieka, o wyrównanie praw nie ma końca. Dowodem jest nasz dzisiejszy protest.

Islandki pokazały, że warto walczyć o swoje prawa. Jesteście inspiracją!

Razem krzyczymy NIE dla dehumanizacji kobiet w Polsce, w demokratycznym, cywilizowanym kraju.

Dziękujemy wszystkim przybylym, wspierajacym nasz protest, dziekujemy wszystkim razem i każdemu z osobna za stworzenie niezwykłego wydarzenia, niezwykłej siły, której konsekwencją musi być zmiana w myśleniu i działaniach polskiego rządu.

STJÖRNUSPÁ

Eik Arnþórsdóttir skrifar

STEINGEIT
(22. des – 19. jan)

Jæja vandvirka steingeit, nú er kominn tími til að þú farir að gera eitthvað fyrir sjálfa þig. Ekki gleyma að hreyfa þig þrisvar í viku, bera á þig rakakrem og hitta vinina. Ástin kemur og fer, en haltu fast í þá sem láta þig brosa og gefðu þeim „extra" mikla umhyggju. Passaðu þig á pollunum.

VATNSBERI
(20. jan – 18. feb)

Forvitni vatnsberi, nú er þinn tími til að gróa. Leyfðu þér að vaxa í friði frá öllu dramanu sem er í gangi í kringum þig. Stundum er mikilvægt að hugsa: mun þetta skipta máli eftir eitt, fimm eða tíu ár?
Veturinn er þinn tími til að ná hugarró, safna kröftum og láta fegurð þína skína.
Farðu oftar í sund.

FISKUR
(19. feb – 20. mars)

Fjölhæfi fiskur, þú ert miklu stærri en öll þau vandamál sem eru í kringum þig núna. Breyttu til! Klipptu eða litaðu á þér hárið, fáðu þér nýtt gat í eyrað eða endurnýjaðu fataskápinn. Hoppaðu út fyrir þægindarammann þinn og njóttu þess að prófa eitthvað nýtt. Ekki slúðra.

HRÚTUR
(21. mars – 19. apríl)

Orkumikli hrútur, hvernig væri að kíkja í nudd, slökun eða eitthvað dekur? Láttu það eftir þér að slaka smá á. Þú munt tengja við nýja manneskju á næstu vikum sem mun hafa gríðarlega mikil áhrif á þig. Passaðu þig þó að hleypa ekki hverjum sem er inn í þitt dýrmæta hjarta.
Haltu á litlum börnum.

NAUT
(20. apríl – 20. maí)

Framkvæmdarglaða naut, ekki breytast í innipúka. Þó svo að það kólni í veðri er það ekki afsökun fyrir að vera inni. Mundu að njóta þess að búa á Íslandi þar sem náttúran er okkar besti vinur. Þú ert alltaf fallegt, samt sérstaklega þegar þú brosir með opinn munn.
Farðu í fjallgöngu.

TVÍBURI
(21. maí – 20. júní)

Umhyggjusami tvíburi, þú ert að standa þig vel. Veturinn er vinur þinn. Það er mikilvægt að skilja ekki útundan, sýna kurteisi og virðingu. Hringdu í ömmu, afa eða gamla frænku og spurðu út í unglingsárin þeirra. Þar gætu leynst svör við spurningum þínum. Finndu ástina í öllu.

KRABBI
(21. jún – 22. júlí)

Vinalegi krabbi, forvitni gegnir lykilhlutverki fyrir þig í vetur. Þú skalt fræðast, spurja og efast um hluti. Rökræður geta verið skemmtilegar. Menntun er máttur, mundu það. Finndu jafnvægi milli skóla og vina.
Hlustaðu á íslenskt rapp.

LJÓN
(23. júlí – 22. ágúst)

Lífsglaða ljón, hafðu svolítið hátt og láttu á þér bera næstu vikur. Þú hefur svo mikla hæfileika og þú veist nákvæmlega hvar þeir liggja. Láttu fólk vita að þú sért tilbúið. Fjölskyldan er mikilvæg líka.
Dekraðu við þig.

MEYJA
(23. ágúst – 22. sept)

Sæta meyja, það getur verið hættulegt að týnast í öðrum manneskjum. Ef þú ert ástfangin skaltu passa þig að gleyma ekki vinum þínum. Spilakvöld eru kjörin tækifæri til að fá vinina saman og jafnvel bjóða mökum með. Það geta allir verið vinir, stundum þarf bara þolinmæði.
Bjóddu einhverjum á stefnumót.

VOG
(23. sept – 22. okt)

Umhverfisvæna vog, ég mæli með því að þú prófir núvitund. Þú átt það til að dveljast í draumheimum svo lengi að þú gleymir núinu. Ef þú átt dýr skaltu veita því mikla athygli í vetur, annars geturðu orðið tíður gestur í nálægri dýrabúð.
Göngutúr er alltaf góð hugmynd.

SPORÐDREKI
(23. okt – 21. nóv)

Spekingslegi sporðdreki, gleymdu þér svolítið í ástinni í vetur. Þú munt þroskast mikið á allan hátt. Gleymdu þó ekki hvaðan þú kemur og hverjir hafa staðið við bakið þitt.
Googlaðu skemmtilegar staðreyndir um jörðina.

BOGAMAÐUR
(22. nóv – 21. des)

Elskulegi bogamaður, haltu fast í vini þína og fjölskyldu. Þú ert umlukinn ást, passaðu þig þó að taka því ekki sem of sjálfsögðum hlut. Það er mjög sniðugt að fræðast meira um heiminn sem við búum í með því að horfa á David Attenborough.
Pantaðu „svepperoni" pítsu á Dominos.

Ritstjórn mælir með - Facebook hópar

NFL Ísland
Stórskemmtileg spjallsíða um ameríska fótbolta. Hér er fólk saman komið frá öllum NFL liðum (sérstaklega Packers og Patriots)´. Hvenær er næsti leikur? Hvar get ég seð það helsta? Á ég að velja Wilson eða Brady i næstu umferð á Fantasy? Allar spurningar eru svaraðar á núll einni.

Gothic Society
Stuðningshópur fyrir Goths og þá sem dreymir um að vera Goth. Goth er minnihlutahópur sem hefur oft verið jaðarsettur fyrir útlit sitt, og nýta þau þennan vettvang til að hvetja hvort annað áfram og hrósa. Hópurinn hefur notið mikilla vinsælda meðal Íslendinga síðustu vikur og ekki óalgengt að á skólagöngum framhaldsskóla á Íslandi sé spurt „hey er ekki örugglega búið að adda þér í Gothic Society?"

Stofublóm inniblóm pottablóm hópurinn
Ekki láta skort af viðeigandi greinarmerkjum í titlinum fæla ykkur burt. Stofu-, inni- og pottablóm hópurinn er hugsanlega einlægasta samsteypa fólks sem sprottið hefur upp á fésinu. Fólk skiptist á ráðum um hvernig skal bregðast við sníkjudýrum og hvort afleggjarinn sé nógu rótsprottin til að setja í mold. Ef þú veist ekki neitt um plöntur, þá er þér samt velkomið að slást í hópinn, og hrósa blómum annara að vild! Það er líka nóg um það að fólk auglýsi afleggjara af sínum plöntum gefins inná hópnum, og tilvalið að grípa einn slíkan og nýta tækifærið til að auka við plöntuþekkingu þína.

Myndskrýtlufélagið
Íslendingar úr öllum áttum deila skondnu skopi á myndrænu formi. Það er mikið um glens utan úr heimi en íslenskt spaug fær líka tækifæri til að njóta sín. Finnst þér gaman að gantast, spaugast, grínast eða jafnvel bara að djóka? Þá er þessi hópur tilvalinn fyrir þig.

Íslenska Gilmore Girls samfélagið
Ertu aðdáandi Gilmore Girls? Ertu búin/nn/ð að taka Netflix maraþon? Hefur lífið aðeins minni tilgang eftir að síðasti kreditlistinn byrjaði að rúlla á lokaþætti 7. seríu?
Ekki? Ókei, en Gilmore Girls samfélagið á Íslandi er geggjaður Facebook hópur sem er tileinkaður öllu sem tengist þáttunum Gilmore Girls. Dagleg Gilmore Girls meme og langir umræðuþræðir um hvaða kærasti Rory sé bestur eða verstur.
Ef þú ert ekki inná Gilmore Girls samfélaginu á Íslandi þá þarftu kannski að endurskoða aðeins hvað þú ert að gera í lífinu.

Maukóðir foreldrar
Maukæðið sem greip landið fyrir nokkrum misserum er ennþá á fullu flugi og hvergi betra að leita uppskrifta heldur en í Facebook hópnum Maukóðir foreldrar! Heilsumeðvitaðir foreldrar ungbarna deila sínum bestu uppskriftum og ráðum, og hvar sé best að kaupa hráefnin.

Rútu og hópferðabifreiða áhugamenn
Núna hef ég engan áhuga á rútum eða hópbifreiðum en umræðan á Rútu og hópferðabifreiða hópnum er algjör snilld! Það eru heitar umræður um það nýjasta hér á landi í rútumálum og mest djúsí stöffið kemur þegar rúta lendir í veseni úti á landi eða skilur ferðamenn eftir í einni skoðunarferðinni.

Norðurljósavaktin
Hinn fullkomni Facebook hópur fyrir þig! Það er, ef þú ert breskur túristi sem eyddi aleigunni í ferð til Íslands og munt deyja, bókstaflega deyja, ef þú nærð ekki að sjá norðurljósin með berum augum einu sinni áður en þú ferð heim. Hópurinn er líka fínn fyrir Íslendinga sem finnst, af einhverjum óskiljanlegum ástæðum, norðurljósin ennþá vera nett.

Ég hata þegar við gefum Danmörku 12 stig og við fáum bara 6 frá þeim
Þessi samstöðuhópur myndaðist í kjölfar Eurovision '10, betur þekkt sem árið þegar Danmörk sveik bróðurþjóð sína og gaf okkur bara 6 stig fyrir epíska frammistöðu Heru Bjarkar, meðan við gáfum þeim fullt hús stiga. Þetta voru að sjálfsöguð mikil vonbrigði fyrir Íslendinga. Kommentin inni á grúppunni fóru oft úr böndunum, enda um mikið hitamál að ræða. Virkni hópsins hefur því miður verið ansi stöpul upp á síðkastið, en þetta er einmitt kjörið tækifæri til að lífga upp á hana og skipuleggja hefnd gegn Dönum.

Líka Bíó Paradís fyrir framhaldsskólanema

Sólrún Freyja Sen skrifar

Ég kíkti á hana Oddnýju Sen í kaffi, en hún er reyndar frænka mín. Oddný er kvikmyndafræðingur sem hefur undanfarin ár verið með kvikmyndasýningar í Bíó Paradís handa grunnskólum og framhaldsskólum. Ástæðan fyrir því að hún fór að halda þessar sýningar er semsagt sú að Oddný hafði rekist á hve mikil vanþekking á sögu kvikmynda var meðal kvikmyndafræðinema hennar í Háskóla Íslands.

„Þau vissu ekki hverjir lykilhöfundar kvikmyndasögunnar voru. Fáir höfðu heyrt minnst á Hitchcock og enn síður á aðra þungavigta kvikmyndaleikstjóra sem hafa mótað kvikmyndasöguna," sagði Oddný mér. „Markmið kvikmyndasýninganna er því að fræða krakka um kvikmyndasöguna, og hvernig áhrif frumkvöðlanna endurspeglast í kvikmyndum í dag."

Sýningarnar hafa einnig gegnt því mikilvæga hlutverki að sýna kvikmyndir í þeim tilgangi að upplýsa um mikilvæg félagsleg mál, og koma þeim í umræðu. Þá hefur verið kostur kennara að fara á skólasýningarnar hjá Bíó Paradís í tengslum við til dæmis eineltisátak, fræðslu um femínisma eða fræðslu um hinsegin fólk, svo eitthvað sé nefnt. Kvikmyndir geta nefninlega nálgast erfið mál með þeim hætti að vekja tilfinningar hjá áhorfendum sem erfiðara væri annars að vekja með glærusýningu eða einhverju álíka.


Oddný Sen

„Það eru margar kvikmyndir sem fjalla um mikilvæg mál hvers tíma, og endurspegla því nútímann. Til dæmis íslamska ríkið og staða múslima, en staða múslima er málefni sem ég hef mikið unnið með," sagði Oddný. Dæmi um kvikmyndir sem fjalla um íslamska ríkið eru Timbuktu, og Cinematic Exposé sem þýðir kvikmyndasýning á frönsku, en kvikmyndagerðarmaðurinn þorði ekki að gefa myndinni nafn af hræðslu við stjórnvöld.

Einu sinni var þemað fyrir grunnskólasýningar erfiðleikar innan heimilisveggja. „Þá fékk ég í heimsókn nokkrar stúlkur sem höfðu upplifað erfiðleika á heimilum, og verið teknar af foreldrum. Það var mjög merkilegt að hlusta á þetta ferli hjá stúlkunum, og ræða um það við nemendahópinn, því þetta eru ekki mál sem eru bara svart/hvítt. Það vill ekkert barn vera tekið af heimili sínu. Þá sýndi ég meðal annars kvikmyndirnar Svínastían, Hefndin, Submarino og Festen."

Bíó Paradís er öðruvísi bíó
Fjöldaframleiddar Hollywoodmyndir eru meira áberandi af kvikmyndum nútímans, og erfitt að finna „öðruvísi" myndir. Það er svosem ekkert að Hollywoodmyndum, eða fólk má hafa sínar skoðanir á þeim. Ég held að flestir séu þó sammála um það, að það sé gott að hafa Bíó Paradís til þess að sýna „öðruvísi" myndirnar. „Jú ég sýni kvikmyndir sem krakkarnir hafa alla jafna ekki völ á að sjá annars staðar en í Bíó Paradís. Þetta eru allt öðruvísi kvikmyndir en Hollywoodformúlan - ofurtæknivædd kvikmyndaframleiðsla nútímans. Ég er að sýna kvikmyndir sem þau myndu kannski ekki vera mikið að pæla í ef þeim væri ekki bent á þær."

Hvað vilja framhaldsskólanemar horfa á?
Stóra spurningin er náttúrulega sú, hvort að framhaldsskólanemar tengja við kvikmyndirnar sem eru sýndar. Hvaða kvikmyndir ætli vekji mestan áhuga? Hvaða boðskapur kemst best til skila?

„Til dæmis American Beauty frá 1999," bendir Oddný á. „Hún er um ameríska drauminn og staðalímyndir klassískrar fegurðar. Sagan er um mann á miðjum aldri, sem hefur farið eins og svefngengill í gegnum lífið þar til að hann vaknar, og ákveður að breyta lífi sínu, á því eina ári sem hann á eftir ólifað. Hann gerir það svo á mjög óhefðbundinn hátt. Nemendur virðast hafa tengt gríðarlega vel við þetta efni, og það kom mér á óvart að þau höfðu áhuga á því sem að miðaldra fólk er að ganga í gegnum og þeirra krísur."

Fyrir utan American Beauty hafa kvikmyndarnar Le Tout Nouveau Testament (Glænýja Testamentið), Átta og Hálfur, Barry Lyndon og Django Unchained, vakið sérstaklega góð viðbrögð meðal ungra framhaldsskólanema. Þessar myndir eru aðeins nokkrar af mörgum kvikmyndum sem Bíó Paradís mun sína fyrir framhaldsskóla núna í haust og vor. Oddný sagði mér hvaða þrjár kvikmyndir af þeim sem verða sýndar núna séu hennar uppáhalds. „The Excorcist, afþví að í henni og kvikmyndinni Psycho líka, er svo mikil frumkvöðlastarfsemi. Svo er það Bladerunner, það er klassískt meistarverk sem byggir á þýska expressjónismanum. Í þeirri mynd er endalaus rigning, enda er þetta svokölluð „nýrökkurmynd." Rökkurmyndir komu fram á sjónarsviðið eftir seinni heimsstyrjöld. Rigning, myrkur og drungalegheit einkenna rökkurmyndir. Í Bladerunner eru dýrin ekki lengur til, heldur eru í stað þeirra komin gervidýr, og í myndinni eru vélmenni sem líta alveg eins út og fólk. Við erum kannski að nálgast þennan veruleika sem spáð er í myndinni. Loks ætla ég að nefna myndina Æska Ívans. Það er gríðarlega falleg rússnesk mynd, hún segir frá ungum dreng í seinni heimsstyrjöldinni, og hvernig hann fer á milli herdeilda með senditákn sem hann býr til úr stráum og steinum. Það sem skiptir máli í myndinni eru draumarnir sem þar koma fram, og tengja okkur við öðruvísi veruleika."

Þá eru þó nokkrar hugmyndir að sunnudagskvöldi komnar og ef ykkur leiðist sérferðir í einhvern úthverfa furðuheim eins og Smáralindina (verslunarmiðstöð í Kópavogi), þá vitiði af Bíó Paradís þarna á Hverfisgötunni.

Eftirtaldir styrktu útgáfuna

Verkalýðsfélagið Hlíf

Landsbankinn

Stofnun Árna Magnússonar

AB Varahlutir	Funahöfða 9	112	Reykjavík
Apótek Vesturbæjar	Smiðjuvöllum 38	300	Akranes
Atgeir ehf	Njálsgerði 10	860	Hvolsvöllur
Ás fasteignasala	Fjarðargötu 17	220	Hafnarfjörður
Bakkaflöt Riverafting	Varmahlið	545	Skagaströnd
Baugsbót ehf	Frostagötu 13	600	Akureyri
Bisk-verk ehf	Reykholti	801	Selfoss
Bílaleiga Húsavíkur	Garðabraut 66	640	Húsavík
Bílasmiðurinn hf	Bíldshöfða 16	112	Reykjavík
Björn Harðarson	Holti 1	801	Selfoss
Bolungarvíkurkaupstaður	Aðalstræti 12	415	Bolungarvík
Bókasafn Seltjarnarness	Eiðistorgi 11	170	Seltjarnarnes
Bruggsmiðjan	Öldugötu 22	621	Dalvík
Dalvíkurskóli	Ráðhúsinu	620	Dalvík
DMM Lausnir	Iðavöllum 96	230	Keflavík
Dýralæknaþjónustan	Stuðlum	801	Selfoss
Efnamóttakan	Gufunesi	112	Reykjavík
Eignamiðlun	Síðumúla 21	108	Reykjavík
Eldhestar	Völlum	810	Hveragerði
Fagtækni ehf	Akralind 6	201	Kópavogur
Fatahreinsun Húsavíkur	Túngötu 1	640	Húsavík
Ferskfiskur	Bæjarhrauni 8	220	Hafnarfjörður
Fiskmarkaður Íslands	Norðurtanga 6	355	Ólafsvík
Fínpússning ehf	Rauðhellu 13	221	Hafnarfjörður
Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra	Sæmundarhlíð	550	Sauðárkrókur
Flugger ehf	Stórhöfða 44	112	Reykjavík
Framhaldsskólinn á Húsavík	Stórageröi 10	640	Húsavík
Framhaldsskólinn á Laugum	Laugum	650	Laugar
Gleraugnaverslun ég C	Hamraborg 10	200	Kópavogur
Græni Hatturinn	Klettaborg 25	600	Akureyri
Guesthouse Borg	Borgarhrauni	240	Grindavík
Hafgæði	Fiskislóð 28	101	Reykjavík
Hjartaheill	Síðumúla 6	108	Reykjavík
Höfðakaffi	Vagnhöfða 11	112	Reykjavík
Ísfélag Vestmannaeyja	Strandvegi 28	900	Vestmannaeyjar
Litlalón	Skipholt 8	355	Ólafsvík
Menntaskóli Borgarfjarðar	Borgarbraut 54	310	Borgarnes
Menntaskólinn á Ísafirði	Torfnesi	400	Ísafjörður
Menntaskólinn við Sund	Gnoðavogi 53	104	Reykjavík
Mosfellsbakarí	Urðarholti 3	270	Mosfellsbær
Nýi Ökuskólinn	Klettagörðum 11	104	Reykjavík
Pottagaldrar	Laufbrekku 18	200	Kópavogur
Samstaða stéttarfélag	Þverbraut 1	540	Blönduós
Set ehf	Eyrarvegi	800	Selfoss
Sigurbjörn	Grímsey	611	Grímsey
Síldarvinnslan	Hafnarbraut 6	740	Neskaupstaður
Snyrtistofa Grafarvogs	Hverafold 1-3	112	Reykjavík
Stoðtækni ehf	Lækjarhjalla 34	220	Hafnarfjörður
Trésmiðja Helga Gunnars	Mánabraut 2	545	Skagaströnd
Verkalýðs og sjómannafélagið	Krossmóaum 4a	260	Njarðvík
Verslunarmannafélag Suðurnesja	Vatnsnesvegi 14	230	Keflavík
Vélsmiðjan Ásverk	Grímseyjargötu	600	Akureyri
Vélvirki ehf	Hafnarbraut 7	620	Dalvík
VSO Ráðgjöf	Borgartúni 20	105	Reykjavík
Ögurvík	Týsgötu 1	101	Reykjavík

Nýtt

UNDUR OG STÓRMERKI

STÆRRI FERNA

33 G PRÓTEIN

Súkkulaðibragð

HÁMARK

PRÓTEINDRYKKUR

Próteinríkur
– 33g prótein
Fitulítill

1098 kJ 261 kkal	13%
Fita 4,9g	7%
Mettuð fita 3,2g	16%
Sykurteg. 19,5g	22%
Salt 0,3g	5%

HÁMARK

HELDUR ÞÉR GANGANDI

33 grömm prótein – Endurlokanlegar umbúðir – Þarf ekki að geyma í kæli